Verkalýðsblaðið

9.—10. tbl. 11. árg. 22. nóvember 1982 Verð kr. 20.00



Frá landsráðstefnu SHA – mynd: Neisti

Daufleg landsráðstefna

Landsráðstefnan, sem haldin var á Hótel Heklu 9.—10. okt. sl. var með fámennasta og daufasta móti. Fyrstu ráðstefnur samtakanna voru æði stormasamar, en nú virðist lognmollan vera búin að ná yfirhöndinni.

Þeir sjúkdómar, sem leggjast þungt á Samtök herstöðvaandstæðinga (og reyndar flest önnur íslensk stjórnmálasamtök) er skortur á sjálfsrýni, sjálfsmati og sjálfsaga og jafnframt virðingarleysi fyrir skoðunum annarra.

Í stjórnmála- og baráttusamtökum sem þessum þarf að skapa andrúmsloft, þar sem fólk getur sagt hug sinn allan og lagt efasemdir sínar fram án þess að verða sér til skammar.

Æðsta forysta Alþýðubandalagsins skrópaði að þessu sinni og var það útaf fyrir sig ágætt.

Enginn þingmaður truflaði ráðstefnuna, en ýmsir urðu til að senda þeim tóninn. Æskulýðsnefnd AB fékk einnig harðar ákúrur fyrir að stinga af með gróða af veitingasölu á Miklatúnsfundinum, en sú ágæta nefnd var sömuleiðis fjarverandi á ráðstefnunni. Engar bjartsýnisraddir heyrðust um það að hermálið muni vinnast í þingsölum í bráð.

Lítilsháttar breytingar á stefnu

Í niðurstöðum ráðstefnunnar má merkja breytingar sem ætla má að séu í rétta átt. Sem dæmi má nefna, að reglan um að samfylkja ekki með öðrum, sem beitt var gegn 21. ágústnefndunum forðum, virðist nú hafa verið kveðin niður til allrar hamingju. Miklatúnsfundurinn var haldinn í samkrulli við aðra. Í samþykkt ráðstefnunnar um friðarhreyfingar segir, að SHA fagni öllum hreyfingum sem vinni að friðarmálum og lýsi sig reiðubúin til samstarfs og umræðu um þau málefni sem tengjast markmiðum SHA.

Það sem helst má ekki minnast á

Það má furðu sæta, að á ráðstefnu þessari, þar sem ætla má að rjóminn af róttæklingum landsins sé saman kominn, skyldi ekki vera minnst á heimskreppuna og þátt efnahagsástands og hagkerfa er kalla á útþenslu í mögnun óhugsanlegri styrjöld og frekara hernámi.''

Að venju var afar lítið fjallað um þátt Sovétríkjanna í að kynda ófriðarbálið. Þó fer í vöxt að beina spjótunum ekki einungis að Bandaríkjunum og NATO, heldur einnig að stórveldunum og jafnvel risaveldunum báðum. Enginn vogaði sér þó að minnast að ráði á hernámið og útrýmingarstríðið í Afganistan, slíkt hefði getað spillt hinu **friðsamlega** andrúmslofti á ráðstefnunni.

Kjarnorkuvopnalaus Norðurlönd

Mikið var rætt um kjarnorkuvopnalaus svæði og þátttöku í baráttu annarra Norðurlanda fyrir að verða **yfirlýst** kjarnorkuvopnalaus og að Ísland fái að fylgja þar með. Einnig var bent á hversu takmarkað gildi slíkar yfirlýsingar hafa nema sem fyrsta skref til að vekja almenning til þátttöku. Í því skyni voru settar fram óskir um að koma af stað, í samvinnu við aðra, undirskriftasöfnun fyrir kjarnorkuvopnalausu Íslandi, þar sem landgrunnið yrði vonandi tekið með (vegna kjarnorkukafbátanna þar).

Áfram með...

Rætt var um yfirstandandi og fyrirhugaðar stórframkvæmdir á Miðnesheiði (sprengjuheld flugskýli, flugstöð, sem jafnframt yrði varastjórnstöð í stríði, olíustöð í Helguvík, nýjar fullkomnari flugvélar o.m.fl.). Bent var á, að sannir friðarsinnar yrðu að beita sér gegn slíkri eflingu útvarðarstöðvar Bandaríkjahers hér á landi.

Lesendur ættu að kynna sér niðurstöðu ráðstefnunnar í væntanlegum Dagfara og taka þátt í starfi einhverra starfshópa. Þessari hvatningu er ekki síst beint út á landsbyggðina. Hvað líður t.d. hópum SHA á Suðurnesjum? Ætla menn þar kannske að leysa málið með því að byggja sprengjuheld íbúðarhús og skóla???

Jafnframt því að styðja SHA og vinna með þeim, þarf að gagnrýna óvægið stefnu þeirra og starf, annars lognast þau útaf. Niður með lognmolluna!

ÞÓÁ

ÞRJÁR STAÐHÆFINGAR UM SOVÉTRÍKIN



Hjalti Kristgeirsson

1

Hvaða land í heimi er víðlendasta? Svar: Sovétríkin.

Af hverju er landið svona stórt? — Sovétríkin eru arftaki rússneska keisaradæmisins og innibinda nú flest þau landssvæði sem lutu keisaranum fyrir febrúarbyltinguna 1917. Gripið var fyrsta tækifæri (1940—45) til að innlima þau lönd sem bolsévikkar misstu tök á eftir valdarán sitt. Af löndum keisarans er aðeins Finnland utan Sovétblakkarinnar, en samt í sérkennilegu tjóðurbandi. Pólland er að nafninu til sérstakt ríki utan Sovétsambandsins, en í reynd er því fjarstýrt frá Moskvu, eins og raunar fleiri ríkjum. — Rússnesk lönd (sem nú heita sovésk) eru svona víðlend vegna þess að stórrússneska nýlendu- og útþenslustefnan hefir aldrei verið brotin á bak aftur. Rússar/Sovétingar eru sagðir njóta þess að nýlenduríki þeirra var samfellt og rúmaðist innan heillegra landamæra, en Bretar og Frakkar hafi goldið þess hve nýlendur þeirra voru fjarri og um sumt dreifðar. Þetta er vond skýring, en samt í raun-inni sú eina sem hægt er að grípa til, þegar verið er að réttlæta rússnesk yfirráð yfir svo greinilegum nýlendusvæðum sem Síberíu og Túrkmenistan. Vesturveldin þurftu að afsala sér nýlendum sínum, þeim síðustu á árunum kringum 1960, en 20 árum síðar heyja Sovétingar grimmilegt nýlendustríð til að teygja veldi sitt yfir Afganistan. Landvinningastefnu keisaranna er fram haldið.

2.

Í hvaða landi hafa stjórnvöld gengið harðast fram í því að útrýma sósíalistum og drepa niður hugsjón og hreyfingu sósíalismans? Svar: Í Sovétríkjunum.

Af hverju gerðu þau það? Til að styrkja sig í sessi. — Þetta hefst raunar þegar með valdatöku bolsévikka í október 1917. Hér skiptir ekki sköpum, hvort þeir Lenín og Trotskí ólu með sér drauma um sósíalisma, heldur hitt að pólitísk stjórnlist þeirra og stjórnskipan — að ,,úrvalið'' hrifsi völdin og stýri ríki gegn vilja almennings — á ekkert skylt við sósíalisma (frumþættir sósíalisma: jöfnuður, einstaklingsfrelsi, sjálfstjórn til þroska; þetta þrennt bæði sem þjóðfélag og sem hreyfing til að skapa slíkt þjóðfélag). Einar kosningar hafa verið haldnar í Rússlandi þar sem hægt var að velja milli pólitískra kosta: Til stjórnlagaþingsins sem kom saman í ársbyrjun 1918. Þar sem bolsévikkar voru í bullandi minnihluta, var samkoman leyst upp og fulltrúarnir sendir heim. Eftir það hugsuðu bolsévikkar og arftakar þeirra fyrst og síðast um það að halda völdum. Þótt það kostaði ójöfnuð, afnám einstaklingsfrelsis, ekkert tækifæri til sjálfstjórnar lýðsins og þar af leiðandi enga möguleika á að þroska félagstengsl einstaklinga eða hópa. Hinn eini leyfði ,,flokkur'' (hugtakið flokkur, partí, felur í **sér einn hluta af fleiri sam**kynja, þess vegna gæsalappirnar) hætti því fljótlega að vera flokkur hugsjóna, en varð flokkur leyndarmála, tortryggni, einnar skoðunar, foringjadýrkunar, tilskipana, stjórnenda, forréttinda, stéttskiptingar, siðleysis og fyrirlitningar á öllu valdleysi. Umræður um stefnumótun innan þessarar framkvæmdastofnunar valdsins voru drepnar niður. Á 3. áratugnum voru alþýðubyltingarmenn og mensévikkar teknir úr umferð, en vissulega höfðu þeir verið andstæðingar keisarastjórnarinnar ekki síður en bolsévikkar. Hvað varð af þessum valdlausu sósíalistum? Svarsins er að leita í skjalasöfnum leynilögreglunnar og freðmýrum Gúlagsins. Á árunum 1928 til 1935 voru samverkamenn þeirra Lenins og Trotskís sviptir valdastöðum og áhrifum — þeir voru þó látnir ljúka við að útbúa nýja ,,sósíalíska'' stjórnarskrá sem Stalín tók í gildi 1936 — síðan voru þeir skotnir eftir ,,játningar'' í skríparéttarhöldum. Tryggir stalínistar fóru reyndar sömu leiðina: Af 1966 flokksþingsfulltrúum árið 1935 var 1108 tortímt, af 139 miðstjórnarmönnum kjörnum 1935 urðu 98 grimmdaræðinu að bráð. Samtímis voru miljónir á miljónir ofan hnepptar í þrælkun, enda byggðust 5-áraáætlanirnar á fangabúðavinnu. Um það leyti sem Stalín lést eftir 25 ára blóði drifinn feril einræðisherrans (eftilvill skotinn af ,,félögum'' úr innsta hring sem óttuðust um líf sitt vegna nýrrar ofsóknaröldu í uppsiglingu), þá var enginn sósíalisti eftir í Sovétríkjunum, né hefir neinn komið þar fram síðan. Andófsmenn, svo virðingarverðir sem þeir eru, geta í Sovétríkjunum ekki verið sósíalistar vegna þess að: a) sósíalismi krefst hreyfingar en leynilögreglan sér um að kæfa allar lýðhreyfingar í fæðingunni b) frjómagn sósíalismans er þjóðfélagsgagnrýni sem byggist á aðstöðu til þjóðfélagsrannsókna en um slíkt er ekki að tala í Sovét c) túlkanir sovésku yfirstéttarinnar á sósíalisma gera orðið sjálft fráhrindandi og varpa hugsjónina auri d) dagskrármálið er að skapa lögformlegt réttarríki, koma mannréttindum til vegs, berjast á móti spillingu, gera efnahagslífið virkara og vinnuna ögn tilgangsríkari. Lausnir verða ekki fundnar í hefðbundnum textum sósíalískra lærifeðra, enda þjóðfélagsgerð Sovétríkjanna alger nýgervingur og óþekkt fyrir 1917, hvort heldur leitað væri í fræðimennsku eða í sögulegri reynd.

3.

Í hvaða iðnvæddu landi heims eru lýðréttindi minnst, lífskjör almennings lökust? Svar: Í Sovétríkjunum.

Hvers vegna? Vegna valdaeinokunar ,,nómenklatúrunnar'', valdstéttar ,,Flokksins''. Þessi harðsvíraða valdaeinokun girðir fyrir það, að verkalýðsstéttin geti gætt hagsmuna sinna með samningagerð og með valdi eigin stofnana í samspili við aðrar þjóðfélagslegar valdstofnanir. Í annan stað stýrir yfirstéttin efnahagslífinu eftir þrengstu sérhagsmunum sínum en án skilvirkra stýriaðferða: Áhersla er fyrst og fremst lögð á framleiðslu til hernaðarþarfa, fjárfesting er gríðarlega kostnaðarsöm í vinnu og efni, hagvöxtur er rykkjóttur og að jafnaði hægur, framleiðni yfir höfuð að tala lítil, enda vantar boðskipti í efnahagslífið af hálfu markaðar og lýðræðislegs eftirlits. Sovéskur verkamaður vinnur lengri vinnutíma með lélegri verkfærum en starfsbróðir hans á Vesturlöndum, hann ber mörgum sinnum minna úr býtum í efnislegum gæðum og hann á miklu minni hlutdeild í samneyslu. Sovéskur verkamaður má ekki fara í verkfall, hann getur raunar ekki skipt um vinnustað nema með leyfi. Sveitafólk samyrkjubúanna er beinlínis átthagabundið. Almenn vinnumiðlun er engin til, en lögreglan hirðir hvern þann sem ,,slæpist'' án vinnu eða náms (nema náttúrulega eiginkonur og börn nómenklatúrunnar, ath. að yfirstéttin er auðvitað karlkyns!). Dulið atvinnuleysi er meira en hið opna atvinnuleysi Vesturlanda (eftilvill 20% á móti 10%), en atvinnuleysistryggingar óþekktar. Almannatryggingar eru ófullkomnar, í reynd verður að bera fé á lækna og sjúkrahússtarfsfólk til að fá læknishjálp og umönnun. — Um ekkert af þessu má tala, skrifa, funda eða kvarta. Geri menn það, bíður Gúlag eða geðveikrahæli.

Hjalti Kritgeirsson



Sjö á mánuði á þessu ári

Aldrei fyrr hafa ráðamenn Sovétríkjanna rekið jafn mikinn áróður fyrir afvopnun og friði. Samkvæmt stofnuninni IISS í London (einni helstu einkastofnun á Vesturlöndum sem fæst við hermálarannsóknir) eru nú SS-20 kjarnaflaugar (fjölodda) Sovétmanna 315 talsins. Kjarnaoddarnir eru þá 945. Hefur fjölgun eldflauganna aldrei verið jafn hröð og í ár eða sjö flaugar á mánuði að jafnaði. SS-20 nær skotmörkum í Evrópu, jafnvel þótt flaugarnar séu í miðjum Sovétríkjunum — en drægnin er 4—5.000 km.

Margar friðarhreyfingar á Vesturlöndum hafa tekið með kröfur um að flaugar þessar verði eyðilagðar, þ.á.m. eru Samtök herstöðvaandstæðinga, þótt þau leggi ekki mikla áherslu á kröfuna.

agé.

Verkalýðsblaðið

Útgefandi:	Kommúnistasamtökin	**Sími:**	2 92 12
Ritstjóri:	Ari Trausti Guðmundsson (ábm.)	**Pósthólf:**	5186 125 Reykjavík
Aðsetur:	Frakkastígur 14	**Giróreikningur:**	12 200-9, Póstgíróstofan
Opnunartími:	Fimmtudaga kl. 17.00—19.00	Prentað í Offsetprent	

Nýtt framboð?

Reynsla manna af þingsalaflokkunum fjórum er vafalítið margvísleg. En þó er eitt að verða æ ljósara: Stór hluti almennings missir traust á þeim. Sú staðreynd að meira en helmingur úrtaks í skoðanakönnun DV er óákveðið fólk eða fólk sem ekki vill kjósa í næstu kosningum, segir sína sögu. Ástæður þess að svona fer eru vissulega margar. Ein er sú að framkvæmdir flokkanna eru keimlíkar, þeim ríkari er hyglað en gengið í vasa hinna. Fólk er leitt á sviknum loforðum og gífuryrtri gagnrýni þar sem gagnrýnandinn gerist síðan sekur um sams konar aðgerðir og hann gagnrýndi aðra fyrir. Önnur ástæða er sú að flokkarnir ráða lítt við helreið kapítalismans. Það efnahagskerfi er svo fullt af innri mótsögnum og þar ríkir slíkt stjórnleysi að því verður ekki bjargað. Auk þess fer stór hluti stjórnunar þessa kerfis fram utan við þingræðisstofnanir. Þar sitja skriffinnar og fjársterkir framkvæmdamenn og haga málum þannig að sem mest er skarað að þeirra eigin köku. Í raun má segja að þingræðiskerfið sé sniðið að gróðasókn kapítalismans.

Þeir yfirlýstu verkalýðsflokkar sem telja að meginþunga baráttunnar fyrir jafnrétti og samhjálp skuli leggja á kosningar og þingbaráttu vaða í villu og svima, enda árangurinn eftir því. Þeir sitja nú á hálfgerðum leynifundum til að reyna að bjarga enn einni stjórninni sem eðlilega hefur gefist upp við að reisa við þjóðarskútuna. Engu skal spáð um útkomuna en víst að kosningar verða áður en kjörtímabilið er útrunnið. Þá hlýtur að vera rétt að öfl þau sem vilja bjóða fram í nafni raunverulegs sósíalisma, efla utanþingsbaráttu og reisa við verkalýðshreyfinguna, taki höndum saman um framboð. Hér er um að ræða fólk innan svokallaðra A-flokka, úr smásamötkum á vinstri kantinum og flokksleysingja. Auðvitað þarf slíkt framboð að ná til alls landsins og geta búið til raunhæfa og framsækna stefnuskrá. Óvíst er hvort slíkt megi verða, en það sakar ekki að reyna. Kommúnistasamtökin eru til viðræðu um sósíalískt framboð í næstu kosningum.

Með eða á móti Sovétríkjunum

Sovétríki nútímans eru aðalefni þessa tölublaðs Verkalýðsblaðsins. Þjóðfélagsgerð þeirra hefur verið tilefni deilna, bæði meðal sósíalista og annarra. Sumir, bæði íhaldsmenn og ýmsir Alþýðubandalagsmenn eða trotskýsinnar halda því fram að Sovétríkin séu í raun sósíalísk. Íhaldsmenn segja með þessu að þar sjái menn viðbjóð sósíalismans og nota landið sem fjandafælu. Yfirlýstu vinstri mennirnir búa til kenningar um að þarna fari afbakað sósíalískt ríki — eins konar ríki þar sem efnahagsgrunnurinn er sósíalismi en stjórnkerfið í höndum vondrar skrifræðisklíku.

Marx-leníníistar hafa andæft þessum hugmyndum, en lagt allt of litla vinnu í að rökstyðja mál sitt. Meðal þeirra eru líka félagar sem hallast að fyrrgreindum skoðunum. Marx-leníníistar hafa skilgreint Sovétríki nútímans sem heimsvaldasinnað, ríkiskapítalískt risaveldi sem er andstæðingur alþýðu manna hvarvetna. Auðvitað þegja fjölmiðlar og margir greinarhöfundar dagblaðanna yfir þessu, enda fellur skoðunin ekki að viðteknu kerfi kaldastríðsins.

En hvernig sem menn skilgreina Sovétríkin, er meirihluti þeirra afar hlynntur Samstöðu í Póllandi. Stuðningur er meira í orði en á borði, þó svo að níðingslegar aðfarir Kremlverja og leppa þeirra nú síðustu vikurnar kalli á meiri stuðning en nokkru sinni fyrr. Það er þægilegt að sitja hér á eylandinu og vorkenna Pólverjum, ef það kostar menn ekkert og kurteislegar umvandanir um Pólland eða Afganistan er það eina sem þjóðníðingarnir heyra. Dapurlegastur er hlutur stéttarfélaga, en þar eru umræður, ályktanir og fjárveitingar vegna alþjóðamála bannvara. Þrjátíu og þrír starfsmenn á Stykkishólmi mótmæltu banninu á Samstöðu fyrir skömmu. Eru þeir einu hnarreistu stuðningsmenn stéttarsystkina sinna í Póllandi sem fyrirfinnast hér hjá okkur?

20.20. **agé.**

Marxískt andóf?

Menn eru því vanastir að þeir sovésku andófsmenn sem hampað er í vestrænum blöðum fordæmi Sovétríkin sem „sósíalískt þrælakerfi". Vissulega eru Sovétríkin nútímans óhugnaðurinn uppmálaður að flestu leyti og kommúnistum til engrar fyrirmyndar. En eru þau sósíalísk?

Af og til hafa komist rit vestur fyrir járntjald sem innihalda ritverk sovéskra, **marxískra** andófsmanna.

T.d. birtist grein í neðanjarðarblaðinu Edintsvo (1973) þar sem sagði að framkvæma þyrfti nýja sósíalíska byltingu í Sovétríkjunum svo breyta mætti núverandi ríkiskapítalisma í sósíalisma.

Þann 6. apríl sl. handtók KGB í Moskvu tólf andófsmenn sem grunaðir eru að um að standa að baki tímaritinu **VARIANTY**. Þeir hafa það til saka unnið að ákæra sovésk stjórnvöld fyrir að hafa rústað sósíalisma í Sovétríkjunum, fyrir að mótmæla innrásinni í Afganistan og fyrir að senda kveðjur til Samstöðu í Póllandi o.fl.

Sem dæmi um málflutninginn er hluti úr grein eins **VARIANTY**-manna í öðru tímariti, Levyi povorot:

„Við sláum fram eftirfarandi staðreyndum:

1. Sósíalismi af sovéskri gerð er ekki sósíalismi.
2. Þar sem lýðræðisstofnanir starfa ekki lengur breytist ríkiseignin í sameign ráðandi fáveldishóps — en það er hliðstætt kapítalísku eignarhaldi.
3. Flokksskrifræðið (nomenklatúran, nafnalistinn, höf.) er arðránsstétt sem ef til vill getur dulið harðýðgi sína en er afar stefnuföst og á það skilið að með hana sé farið á sama máta og hún kemur fram.
4. Það er útilokað að fá fram starfhæft efnahagskerfi ef völd skrifræðisins eru ekki takmörkuð."

Hér er talað nokkuð skýru máli. Í **VARIANTY** hafa líka sést greinar um sósíaldemókratí, þar sem spurt er: Er kapítalisminn í Finnlandi og Svíþjóð svo slæmur?

Þótt slæmt sé að taka svo til orða, þá eru það ákveðin meðmæli með marxískum andófshópum að sovésk yfirvöld virðast álíta þá mun hættulegri en aðra sem ekki reyna að afhjúpa sovéskt þjóðfélag með marxískum aðferðum.

—agé.

Er poppmúsíkin ópíum fólksins?

Árni Björnsson þjóðháttafræðingur var í útvarpinu um daginn. Hann sagði: Það verður engin bylting gerð á meðan fólk er upptekið af rokkmúsík.

Þetta er ekki út í hött. Bandaríska leyniþjónustan CIA notar rokkið t.d. vísvitandi sem dóp handa (unga) fólkinu. Það er fyrir löngu síðan opinbert. En það er líka opinbert að CIA hefur barist — og berst — af krafti gegn **sumum** rokkplötum. Í því sambandi nægir að benda á Bítlaplötubrennurnar í Bandaríkjunum á sjöunda áratugnum; bannið á Frank Zappa, John Lennon, Dead Kennedys o.m.fl.

Það er enda erfitt að finna rök fyrir því á hvern hátt lög eins og „Power to the People" (John Lennon, Infa Riot o.fl.), „Get Up Stand Up" (Bob Marley, Peter Tosh o.fl.), „Red Flag" (Robert Wyatt) og „Joe Hill" (Joan Baez, sönghópurinn hálft í hvoru o.fl.) tefja fyrir þjóðfélagslegum framförum. Svo ekki sé minnst á plötur Clash, Dead Kennedys og Lindsay Cooper. Í fljótu bragði verður ekki komið eyrum yfir lög **eða plötur úr öðrum (og æðri)** músíktilbrigðum sem hvetja á jafn afdráttarlausan hátt til byltingar.

Gleymum því heldur ekki hvaða músíkantar drógu 800.000 manns fyrir skömmu á hljómleika gegn kjarnorkuvígbúnaði í Bandaríkjunum. Var það Symfóníuhljómsveit Íslands sem sló þarna aðsóknarmet? ó nei, það var rokkari rokkaranna, Bruce Springsteen, ásamt Joan Baez, Gary US Bond o.fl

Og hverjir ætli hafi fengið hundruð þúsunda breta til að taka virkan þátt í mótmælum gegn atvinnuleysi, frú Thatcher, kynþáttamisrétti og nasisma? Jú, það voru úrhrök bresks öskutunnurokks, pönkarar eins og Sham 69, Tom Robinson, Clash og Gang of 4. Svo er eins og mig minni að íslenski rokkkonungurinn, Bubbi Morthens, Þursar, Kalli Sighvats o.fl. hafi fengið Hallærisplanið fullmannað til að rokka gegn her fyrir einu eða tveimur árum. Er ekki jafnframt til popp-rokk hópur sem kallast Heimavarnarliðið? Og annar sem heitir Reflex? Og enn einn sem heitir Sjálfsfróun? Og... Nei, sleppum frekari upptalningu. Nöfn þessara hópa skipta ekki öllu máli. Það skiptir meira máli ef þessir hópar eru að þjóna afturhaldsöflunum með því að rokka gegn auðvaldi og her.

—j

SÉRSKRÁIN

— nýja yfirstéttin í gjaldeyrislausa landinu

Mikael S. Voslenskí er sagnfræðingur, fæddur í Sovétríkjunum árið 1920 og starfaði lengi við Alþjóðatengslastofnunina í Moskvu. Hann starfaði sem túlkur við stríðsglæparéttarhöldin í Nürnberg í lok síðari heimsstyrjaldarinnar. Síðar varð hann prófessor við Lumumbaháskólann í Moskvu og embættismaður á vegum sovésku Vísindaakademíunnar. Tímabilið 1950 til 1972 starfaði hann í nánum tengslum við miðstjórn sovéska Kommúnistaflokksins. 1973 flúði hann Sovétríkin og er nú austurrískur ríkisborgari og starfar sem fyrirlesari við Max Planck-stofnunina í Starnberg.

Nýjasta bók Voslenskís, ,,Sérskrármennirnir — valdastétt Sovétríkjanna'' hefur nú þegar komið út á þýsku, frönsku, ítölsku og japönsku, og þýðingar á ensku og sænsku eru væntanlegar. Kínverjar hafa hugleitt að þýða bókina og dreifa henni meðal leiðandi manna Kommúnistaflokksins — en hugsanlegt er að slíkt yrði sömuleiðis of viðkvæmt fyrir kínverja, þar sem bókin er nákvæm og kunnáttusamleg lýsing á tilurð sovéska stéttasamfélagsins.

Veldi sérskrármanna

Rússneska orðið yfir sérskrármennina er ,,nomenklatura'', latneskt orð sem merkir **nafnaskrá**. Þetta forréttindakerfi byrjaði einnig sem sérstakur nafnalist. Þegar Stalín var útnefndur aðalritari flokksins í apríl 1922, hóf hann, sem ,,maður laga og reglu'' að koma skipulagi á óreiðuna sem tengd var hinum bolsévísku byltingarformum flokksskipulagsins. Það var hann sem innleiddi ,,nomenklatúruna'', sérskrárnar með nöfnum lykilmannanna í ríki og flokki.

Sérskrárnar voru þrjár:

Skrá 1: Allar lykilstöður í flokki, ríki, efnahagsstofnunum og í menningarlífinu.

Skrá 2: Þeir sem gengdu þessum embættum og stöðum.

Skrá 3: Svonefnt ,,varalið'' eða skuggaskrá, með nöfnum varamanna þeirra sem voru á skrá 2. Varamennirnir skyldu taka við ef aðalmennirnir ,,hyrfu úr starfi'', nokkuð sem ekki var óalgengt á stjórnarárum STalíns!

Fyrirkomulag arðráns á verkalýðnum

Opinber skilgreining sérskrárinnar er einungis til í riti sem er í umferð innan sjálfrar flokksvélarinnar og ber nafnið ,,Uppbygging flokksins.''

Sérskrárliðið er mjög samstæður þjóðfélagshópur, því allir meðlimirnir eru útnefndir á miðstýrðan hátt og sitja í öllum lykilstöðum þjóðfélagsins. Sérskráin myndar sömuleiðis sérstaka stétt, samkvæmt hinni marxísku stéttaskilgreiningu. Stéttir eru stórir hópar fólks — í þessu tilviki ca 750.000 manns — sem skilja sig frá öðrum vegna afstöðu sinnar til framleiðsluferlisins, sem sérskrármennirnir svo sannarlega gera. Og þeir skilja sig engu minna frá öðrum vegna þess skerfs framleiðsluafurðanna sem þeir slá eign sinni á.

• Þýðir þetta að sovéskir verkamenn séu arðrændir?

Að sjálfsögðu, hin ríkjandi stétt er jafnframt arðránsstétt. Við skulum spyrja okkur: Sovéskir verkamenn, sem búa við sultarkjör, skapa án efa gildisauka samkvæmt öllum marxískum skilgreiningum. Hver hirðir þennan gildisauka? Samkvæmt bókstafnum gerir ríkið það, en hvað er þá ríkið? Jú, ríkið er tæki í höndum valdastéttarinnar sem hún beitir til að undiroka aðrar stéttir þjóðfélagsins. Gildisaukatileignun ríkisins jafngildir semsé því, að sérskrárliðið, hin ríkjandi stétt, slái eign sinni á gildisaukann.

Sérkrármenn sem eigendur framleiðslutækjanna

Í Sovétríkjunum, segir Voslenskí, tilheyra allar svonefndar sósíalískar eignir, öll framleiðslutækin, valdastéttinni, sem slær eign sinni á gildisaukann. Hvernig er þessi gildisauki notaður? Kannski hann sé notaður til hagsbóta fyrir verkamenn, bændur og vinnandi menntamenn? Hvað væri þessum hópum til góða? Betri lífskjör, meira framboð af neysluvörum, betra húsnæði, o.s.frv. Slíkt væri í samræmi við óskir og þarfir vinnandi alþýðu. En sérskrármennirnir festa fjármunina í hergagnaiðnaðinum, í lögreglunni og — svo að um munar — í sínum eigin forréttindum.

Lífskjörin eru sönnun

Venjulegir verkamenn eiga engin hlutabréf eða olíulindir, þeir eiga ekkert. Þeir framleiða bara. Og þeir framleiða að nokkru leyti fyrir eiganda vinnsmiðjunnar, að nokkru leyti fyrir sjálfa sig, fyrir sín eigin lífskjör. Séu áþekk lönd borin saman — það er að segja iðnvædd lönd með jafn langan almennan vinnudag — þá má orða það sem lögmál að arðránshlutfallið er hærra eftir því sem lífskjörin eru verri.

Það kemur þá í ljós, að í hverju og einasta svokölluðu sósíalísku landi eru lífskjörin ótvírætt miklu lélegri en í sambærilegum auðvaldslöndum.

• En er ekki unnt að vísa til þjóðlegra sérkenna eða sögulegra orsaka?

Nei, mannkynssagan hefur lagt okkur upp í hendurnar samanburðardæmi, já tilraunastofur þar sem rannsaka má mismuninn. Gaumgæfið til að mynda Austur-Þýskaland og Vestur-Þýskaland. Meira að segja í einni einstakri borg, Berlín, er hægt að sjá þennan mismun, sem á sér rætur í sjálfu kerfinu, í muninum á arðránshlutfallinu.

• Sérskráin, sem Stalín skapaði á þriðja áratugnum, öðluðust meðlimir hennar forréttindi sín strax í upphafi, eða hafa þau komið til smátt og smátt?

Það verður að segjast, að forréttindin — einnig hin efnahagslegu — voru til staðar frá fyrstu byrjun. Upphaf sumra má rekja allt aftur til borgarastyrjaldarinnar, og var þá lýst sem afleiðingu af byltingarsinnaðri eignaupptöku húseigna auðstéttarinnar. Leiðtogarnir slógu sjálfir eign sinni á þær. Í Moskvu má t.d. sjá eina

Sovétforystan vill ekki stríð. Hún stefnir ekki að því að ráðast inn í Evrópu. En hún er knúin til þess efnahagslega að hafa band á Evrópu. Í því felst útþenslustefna hennar. Evrópumönnum verður að skiljast að Sovétríkin eru ekki sósíalísk í skilningi Marx.

Svo segir Michael S. Voslenskij, sagnfræðingur með mikla persónulega reynslu af Sovétríkjunum.

af fyrstu ,,döchunum'' (lúxusvillur), Leníski Gorkí, þar sem Lenín andaðist. Sagt hefur verið að hann hafi búið þar vegna veikinda sinna, en árið 1918, þegar hann flutti inn í húsið, var hann ennþá heill heilsu.

Svetlana Allilujeva, dóttir Stalíns, greinir frá því í ævisögu sinni, að Mikojan hafi alla tíð búið í skrauthýsi þessu, Leníski Gorkí, sem áður var í eign vellauðugs olíulindaeiganda frá Baku.

Þegar árið 1920 þótti óhjákvæmilegt að koma á fót sérstakri nefnd til þess að hafa eftirlit með ,,Kremlarforréttindunum.''

Sköpunarverk Stalíns

Ég vil þó leggja áherslu á, að á tímum Lenins voru einungis fyrstu skrefin á þessari þróunarbraut stigin. Sérskrárhugarfarið varð til á stjórnarárum Stalíns. Jafnskjótt og Stalín hafði þurrkað út alla gömlu bolsévíkana og sérskrárliðið — þeir menn sem hann sjálfur hafði útnefnt — var komið í æðstu embættin, þá voru allar takmarkanir, svo sem launaþak fyrir flokksfélaga, sem Lenín hafði komið á, afnumdar.

• **Sérskráin þróaðist sem sé sem sérstök stétt þegar á 3. áratugnum?**

Tilurð stéttar er ætíð félagslegt ferli sem tekur sinn tíma. Ný stétt fæðist ekki á einni nóttu. En ferlið byrjaði strax eftir Októberbyltinguna, og forréttindastéttin leit að sönnu dagsins ljós á þessum tíma, já, á miðjum þriðja áratugnum.

• **Hvernig lítur þessi stétt á sín eigin forréttindi?**

Tökum nokkur dæmi sem ekki eru í bókinni minni! Henry Kissinger lýsti í öðru bindi endurminninga sinna þegar hann hitti Brésnef í Moskvu árið 1972 til þess að undirbúa fund hans með Nixon. Farið var með amerísku gestina í hið lokaða hverfi nálægt Moskvu þar sem döchurnar eru, og Brésnef sýndi stoltur sitt dáfagra glæsihús og spurði: ,,Hvað myndi, að yðar áliti, slíkt hús kosta í Ameríku?'' Kissinger giskaði á 800.000 dali, og Brésnef fór við það í fýlu mikla. Töskuberi Kissingers, sem fylgdist með framvindu samtalsins, bjargaði málinu með því að mótmæla harðlega: ,,Nei, nei Henry, alls ekki. Svona hús mundi ekki kosta undir þremur milljónum!'' Við þetta tók Brésnef gleði sína á ný.

Bifreiðar og silkilök

Annað dæmi: Allir á vesturlöndum vita að Brésnef er safnari, og sovétborgararnir hafa veður af þessu gegnum alls konar orðróm. Brésnef safnar ekki frímerkjum, eins og margt venjulegt fólk, heldur bílum. Hversvegna? Eins og hann er til heilsunnar keyrir hann örugglega ekki bíl sjálfur. En það er bara hann og enginn annar sovétborgari sem hefur efni og aðstæður til þess að safna bílum. Í Sovétríkjunum eru bílar mjög dýrir, sovétborgarar teljast ríkir ef þeir eiga þó ekki sé nema smábíl. Nýlega hafa birst í blöðum fréttir um gimsteinabrask sem tengist dóttur Brésnefs. Söfnun eðalsteina er einmitt í tísku meðal finasta fólksins á sérskránni. En það er bara Brésnef karlinn sjálfur sem getur safnað stórum útlendum köggum.

Enn eitt dæmi: Þegar Nikita Krúséff var í heimsókn í Austurríki, og var staddur í Vínarborg sem gestur ríkisstjórnarinnar, þá mótmælti hann því þegar fyrsta morguninn að lakið skyldi ekki vera úr silki. Svínahirðirinn fyrrverandi vildi liggja við rekkjuvoðir úr silki! Slík er afstaða sérskrármannanna.

• **Í ræðu þinni á Afganistanráðstefnunni hélst þú því fram að sérskrárstéttin sé uppháf og orsök sovéskrar útþenslustefnu og heimsvaldastefnu. Með hvaða hætti skýrir þú þessi tengsl?**

Hinn svonefndi ,,raunsósíalismi'' er aðeins hálfdrættingur hvað framleiðni snertir, er vanframleiðinn. Kapítalisminn stríðir á hinn bóginn við vandamál offramleiðslu og atvinnuleysis. Í ríkjum ,,raunsósíalismans'' eru vanframleiðnin og hin slöku lífskjör almennings viðvarandi vandamál. Hver sá er sækir heim lönd þessi sér þetta, á öllu er skortur, alls staðar langar biðraðir. Atvinnuleysi er ekki til staðar, en verkamaður eða opinber starfsmaður í Sovétríkjunum hefur hins vegar 50% lægri laun en sem nemur atvinnuleysisstyrk vestantjalds.

Svona er efnahagskerfið. Hversvegna? Vegna þess að það er skrifræðisbákn. Hin skrifræðislega áætlanagerð og stjórnun gerir það að verkum að ekki nokkur maður hefur áhuga á því hvernig efnahagskerfið starfar. Mikið er rætt um umbætur, en í rauninni hefur sérskráin engan hag af slíku. Allir meðlimir hennar hafa sín forréttindi á þurru, óháð kjörum hins almenna borgara. Efnahagslegir aflvakar eru sem sé ekki til, hvorki meðal vinnandi alþýðu eða sérskrárstéttarinnar. Í þessu felast vandamál efnahagskerfisins. Yfirstéttin veit um óánægjuna meðal fjöldans, sérstaklega vegna vöruskortsins, hinna lágu launa og lágra tryggingarbóta og vegna lélegs húsnæðisástands. Þeir sjá þetta líka í t.d. Póllandi, þar sem efnahagsleg spenna leiddi af sér stjórnmálalega framvindu sem ógnar veldi sérskrárinnar.

Eitthvað verður að gera, en hvað? Það verður ekki bætt úr þessu innan kerfisins, því erfiðleikarnir eiga sér rætur innan þessa kerfis. Rökrétt lausn verður þá að flytja hlutina inn, en hvernig? Ekkert er hægt að kaupa, því rúblan er verðlaus, meira að segja í leppríkjunum. Meira að segja í Mongólíu vill enginn sjá rúblur!

Sovétríkin eru gjaldeyrislaust land. Þau hafa eingöngu gull til skiptaverslunar. Rússland keisaranna hafði að auki aðra tekjulind: Útflutning landbúnaðarafurða. Sovétríkin hafa, vegna þess að efnahagskerfið er sérstaklega óframleiðið hvað landbúnað snertir, orðið að flytja inn bæði hveiti, kornmat og aðrar landbúnaðarvörur, og greiða í gulli.

Á keisaratímunum flutti Rússland út olíu, og það gerðu Sovétríkin einnig í upphafi, en vegna eigin iðnþróunar hafa Sovétríkin nú ekki ráð á að flytja umtalsvert út af olíu. Hún er sem næst eingöngu flutt út til hinna austantjaldslandanna, sem aðeins ráða yfir samskonar gagnslausum gjaldeyri og Sovétríkin, en þau skortir hins vegar gull og geta því ekki keypt olíu annarstaðar en í Sovétríkjunum. Af þessum sökum hafa Sovétríkin og fylgiríki þeirra á nýliðnum ,,slökunaráratug'' einungis keypt ýtrustu nauðþurftir á Vesturlöndum, en hafa eigi að síður safnað miklum erlendum skuldum.

Nú hefur þeim skilist að þeim er ómögulegt að kaupa hlutina, þeir verða að taka þá traustataki. Þetta er hinn efnahagslegi drifkraftur sem leiðir til hernaðarútþenslu.

Útþenslupörf Sovétríkjanna

Sovétríkin hafa sem sé þörf fyrir að breiða úr sér og ná tökum á auðugum landssvæðum. **Hvar er auðæfa að leita í nágrenni Sovétríkjanna? Kína er fátækt og Sovétmönnum stendur stuggur af Kínverjum. Í norðri er Íshafið og handan þess Bandaríki N-Ameríku.** Bandaríkin eru sterk, af þeim má kaupa, en ekki taka. Í suðri: OPEC-löndin, nýríkar þjóðir. Afganistan var eitt skref fyrir Sovétmenn í átt til Persaflóa.

Evrópa er einnig auðug, og andspænis Evrópu stendur mikið rétt hin feiknalega hernaðarmaskína Sovétríkjanna í viðbragðsstöðu. Ekki í því skyni að ráðast inn í Evrópu! Ég undirrstrika þetta: Þeir vilja ekki styrjöld! En þeir vilja geta beitt Evrópuríkin þrýstingi, ,,finnlandísera'' þau, gera þau sér háð, svo þeir geti tekið það sem framleitt er í Evrópu.

Evrópa er offramleiðin, og hugsun rússanna er þessi: ,,Lífskjör Evrópumanna þurfa varla að skerðast sem nokkru nemi frá því sem þau eru nú, og við getum samt fengið þær afurðir sem eru okkur nauðsynlegar.''

• **Hvernig ber almenningi í Evrópu að bregðast við gagnvart þessari viðleitni Sovétríkjanna til yfirdrottnunar?**

Evrópskur almenningur og sérstaklega vinstriöflin — bæði marxistar og ekki marxistar — verða fyrst og fremst að gefa upp á bátinn þá miklu blekkingu, að svonefndur ,,raunsósíalismi'' Sovétríkjanna og fylgiríkja þeirra sé sósíalismi í marxískum skilningi. Hér er um að ræða nýja þjóðfélagsformgerð, ekki kapítalíska, en heldur ekki sósíalíska; mjög svo einokunarkennda þjóðfélagsgerð.

Í öðru lagi verða menn að hætta að vaða í þeirri villu að ríki Sovétheimsveldisins búi við vinstristjórnir. Sérskrármennirnir eru ekki vinstri menn, þeir eru til hægri. Þeir eru svo rótt**ækir hægrimenn, að í veröld** eftirstríðsaranna er erfitt að finna jafn hægrisinnað afl í nokkru öðru landi. Einungis ef maður gerir sér þetta ljóst er unnt að lýsa og skilja það sem á sér stað á vorum dögum. Önnur lönd, auðvaldslöndin, hafa orðið að gefa nýlenduveldi sitt upp á bátinn. Sovétríkin hafa á hinn bóginn varðveitt nýlenduheimsveldið sem þeir erfðu frá keisurunum, og eiga sem stendur í nýlendustyrjöld í Afganistan.

• **Hver ætti stefna Vesturlanda að vera gagnvart Sovétríkjunum?**

Kalda stríðið endaði í blindgötu. Sá kapítuli mannkynssögunnar er afstaðinn, og það er ómögulegt að hverfa aftur til þess sem aflokið er, jafnvel þótt menn vildu. Þess vegna tel ég ekki rétt að tala um nýtt kalt stríð.

Það er einungis hægt að raungera slökunarstefnu ef hún er gagnkvæm, það sýnir reynsla liðins áratugar. Einhliða slökun er engin slökun, heldur undansláttarpólitík.

Kalt stríð er vegleysa, undansláttur leiðir til raunverulegrar styrjaldar. Hvað stendur þá eftir? Sveigjanleg stefna að vissu marki, ekki ögrandi, en föst fyrir. Stefna sem ekki byggir á sjálfsblekkingunni — sem aldrei hefur fengið staðfestingu reynslunnar en lifir eigi að síður góðu lífi innan vinstri hreyfingarinnar — um að Sovétríkin muni þegar allt kemur til alls sýna bót og betrun. Sérskrárliðið lætur sér hvorki góð né slæm fordæmi að kenningu verða, heldur stjórnast algerlega af sínum eigin stéttarhagsmunum. Það er nauðsynlegt að setja sér fyrir sjónir hverjir þessir hagsmunir eru og að sérskráin vill ekki styrjöld, heldur sigur án styrjaldar.

Að reka pólitík sem ekki hefur í för með sér styrjöld er ekki erfitt, því þeir vilja ekki stríð. Það er hinsvegar erfiðara að leggja þeim ekki upp í hendurnar sigur án hernaðarátaka. Grundvallarreglan er þessi: Ekki ögra þeim, en vera samt fastur fyrir.

Margir töldu, að smám saman mætti fá Sovétríkin til þess að uppfylla skyldur sínar samkvæmt Helsinki-samkomulaginu. Í stað þess skal segja við þá: ,,Þetta eru ykkar skuldbindingar, standið við þær og við stöndum við okkar. Ef þið eruð aftur á móti ekki reiðubúnir að standa við skuldbindingar ykkar, þá er þetta skjal um slökunarstefnuna dautt og ómerkt.''

Í einkalífi manna er augljóst að enginn getur að ósekju haft að engu fastar skuldbindingar. Sovétríkin reikna hins vegar með því að Vesturlönd kyngi hverju sem er, þar með talið ofbeldisverkunum í Afganistan. Af þessum sökum eru þeir þess reiðubúnir að skrifa undir hvað sem vera skal — og virða það svo einskis í raun. Þetta er orsök þess að slökunarstefnan hefur misheppnast.

SOVÉTRÍKIN Á TÍMUM STALÍNS

— félagsleg, efnahagsleg og pólitísk þróun Sovétríkjanna eftir 1929

Eftirfarandi grein er þýdd úr norska Röde Fane nr. 8. Hér er þýddur fyrrihluti greinarinnar lítillega styttur, en í lokin eru teknir tveir partar úr síðari hlutanum, niðurstaða um hreinsanirnar og 5 einkenni hins stalínska kerfis. Greinin hefði sannarlega átt erindi við lesendur Verkalýðsblaðsins í heild sinni, en vegna plássleysis verður síðari hlutinn að bíða betri tíma. Fyrrihluti greinarinnar er hér birtist, fjallar um pólitíska, efnahagslega og félagslega gerð þessa þjóðfélagskerfis og sögulegan aðdraganda þess. Í síðari hluta greinar sinnar (sem sleppt er hér), fjallar höfundur nánar um pólitíska þróun þess og aðra þróun er fram leið. (KK).

Bylting ofan frá: Iðnvæðing og samnýting á landi

Í lok þriðja áratugarins stóðu Sovétríkin á tímamótum. Meirihluti í kommúnistaflokknum vildi láta af ,,nýju efnahagsstefnunni'', ,,NEP'', **og hefja stórátak í átt til iðnvæðingar.** Nýja efnahagsstefnan (NEP) byggði á hagnaði bænda, sérstaklega stórbænda, og einkafyrirtækja í verslun og iðnaði. Að dómi meirihluta flokksfélaga gat slíkt kerfi ekki skapað Sovétríkjunum tryggan efnahagsgrundvöll, né þróað sósíalískt þjóðfélag áfram.

Allan þriðja áratuginn hafði **átt sér stað tiltölulega hörð bar**átta í flokknum um hvaða stefnu Sovétríkin ættu að taka, og sérstaklega skarpar voru mótsetningar varðandi þá stefnu er taka skyldi til bænda. Það yrði of langt mál, að fjalla hér um ágreining þennan í heild sinni. Ég nefni það aðeins sem útgangspunkt, að Sovétríkin stóðu á krossgötum. Samkvæmt minni skoðun var aðeins tímaspursmál hvenær borgarastéttin í sveitunum — kúlakkarnir — yrði nógu öflug **til að verða frekari þróun sósíal**ismans í Sovétríkjunum Þrándur í Götu.

Hinar miklu efnahagslegu, félagslegu og pólitísku umbreytingar sem hófust í Sovétríkjunum 1928/29, eru oft kallaðar önnur rússneska byltingin. Það var bylting á þróun framleiðslu og á félagslegum afstæðum, en ekki í pólitík. Það kom engin ný stétt til valda og ekki heldur var gamalli velt frá völdum. Jafnframt þessu hafði þessi bylting ákveðin einkenni — Stalín kallaði það byltingu ofanfrá. Það var hin bolsévíska forysta sem dró allt samfélagið á eftir sér ,,á hárinu'', þróaði mikinn þungaiðnað og skipulagði landbúnað byggðan á samrykju, allt miðstýrt. Þessi mikla bylting lagði hornsteininn að Sovétríkjunum sem stórveldi.

Andstaðan í flokknum

Þessi nýja stefna mætti kröftugri andstöðu innan flokksins og einnig í miðstjórninni: Bukharin, Rykov og Tomsky. Ég treysti mér ekki hér til, að setja fram afstöðu þeirra í heild. Við getum aðeins gefið okkur, að þeir vildu NEP-stefnuna áfram. Þeir óskuðu ekki eftir breyttri stefnu gagnvart kúlökkunum, og þeir vildu iðnvæðingu með ,,hraða snigilsins'', svo notuð séu orð Bukharins — sem kannski hafa verið lögð honum í munn.

Þessi andstaða var einangruð pólitískt og beið ósigur 1929. **Það er í öllu tilliti afgerandi.** Í apríl voru höfuðatriðin í fyrstu 5 ára áætluninni samþykkt og í nóvember var skipun gefin um samnýtingu jarðnæðis bænda.

Orsakir hinnar nýju stefnu

Frá þeim tíma og til byrjunar seinni heimsstyrjaldarinnar gekk sovéskt þjóðfélag í gegnum miklar hræringar. Orsakir hinnar nýju stefnu voru nokkrar Slík stefnubreyting var nauðsynleg til að tryggja stöðu sósíalismans. Hún var nauðsynleg af hernaðarástæðum. Eitt einkenni stefnunnar var hinn mikli hraði sem áætlanirnar voru framkvæmdar með, án tillits til hvað það kostaði félagslega og pólitískt, og kannski efnahagslega líka, því það var ekki svo lítið sem sóað var samfara þessari framkvæmdaraðferð.

Inn í tuttugustu öldina

Iðnvæðingin í Sovétríkjunum á tímabilinu frá 1929 til 1941, er sú hraðasta sem um getur í mannkynssögunni. Á 12 til 13 árum var Sovétríkjunum breytt **í iðnaðarstórveldi og tugum** milljóna fólks var kippt út úr miðaldamyrkri og inn í tuttugustu öldina.

Tölur geta gefið smá hugmynd um umfang breytinganna: Þjóðartekjur fimmfölduðust, iðnaðarframleiðsla tæplega sjöfaldaðist, framleiðsla framleiðslutækja tífaldaðist, flutningsgeta (samgöngur) var fjórföldud og framleiðsla allra mikilvægra hráefna jókst mikið.

Íbúum borga fjölgaði um meira en 40 milljónir. Þessar tölur endurspegla fyrst og fremst annars vegar uppbyggingu nýs þungaiðnaðar frá Úkraínu til Úral, og hins vegar uppbyggingu nýs samgöngukerfis. Framgangur 5 ára áætlananna sem iðnaðaráætlana, liggur fyrst og fremst í uppbyggingu einstakra stóriðjuvera eins og stálborgarinnar Magnitorsk í Úral. Allt áætlanakerfið miðaði að þessu. Hvað viðvék öðrum þáttum, eins og framleiðni og hagkvæmni í nýtingu gæða, þá stóð áætlanakerfið sig mun síður. Vissulega jókst framleiðnin á tímabilinu í heild, en sú aukning er að mestu að þakka aukningu vinnuafls og framleiðslutækja.

Það hefur oft verið gagnrýnt hversu óhagkvæm þessi iðnvæðingaraðferð var. Það er ýmislegt til í þeirri gagnrýni. **Í hinu stalíníska efnahagskerfi fólust miklir veikleikar varðandi framleiðni, gæði framleiðslu o.s.frv. Jafnframt er það staðreynd að þessu efnahagskerfi tókst að gera það sem engu öðru landi sem var vanþróað í lok fyrri heimsstyrjaldar hefur tekist, þ.e. að iðnvæðast.**

Stríðið gegn bændum

Í skjóli NEP-stefnunnar hafði, eins og áður sagði, vaxið fjölmenn og sterk borgarastétt í sveitum. Þessi borgarastétt, kúlakkarnir, og mikil fjöldi smábænda sem fylgdi þeim að málum, hafði áhuga á að græða peninga. Þeir höfðu engan sérstakan áhuga á iðnvæðingu, og enn síður á samyrkju og sósíalisma.

Merki um þetta voru hinir stöðugu afturkippir sem fram komu í lélegum skilum á korni til ríkisins og þar með um leið til verkafólks í bæjum. Ljóst var, að ekki var hægt að framkvæma 5 ára áætlanir án þess að leysa þetta vandamál. Forsenda fyrir sósíalískri þróun var því hörð stéttarbarátta í sveitum, og að mínum dómi **með** 80% íbúa sveitanna.

Samnýting jarðnæðisins var framkvæmd með stórárás á rússnesku sveitirnar. Á 5 ára tímabili var einkaeign á jarðnæði í Rússlandi útrýmt, vald kúlakkanna brotið á bak aftur og skil á korni tryggð.

Rússneskt barnaheimili í byrjun fjórða áratugarins. Þrátt fyrir að raunlaun hafi lækkað á þessum tíma, er það ómótmælanleg staðreynd, að samneyslan óx mjög mikið í bæjum á þeim tíma.

Bændur gegn ríkinu

Haustið 1928 var flokkurinn í klípu, þar sem samdráttur var í skilum á korni í sveitum. Eitthvað varð að gera. Næstum án aðvörunar, var samyrkju-baráttan hafin. Það var ekkert flokksþing haldið til að undirbúa hana. Varla nokkur áróður fyrir henni var hafður í frammi heldur. Hún var algjörlega framkvæmd ofanfrá með stjórnvaldslegum þvingunum. Móthverfur þær sem fyrir hendi voru í sveitum, voru ekkert nýttar. Að mínum dómi er út í bláinn, að halda því fram, að í henni hafi falist hörð **stéttabarátta milli fátækra og** ríkra bænda, þótt eflaust hafi átt sér stað einstök dæmi um það. Yfirleitt stóðu bændur



saman gegn öreiga-ríkisvaldinu, á sama hátt og þeir höfðu alltaf staðið saman gegn öllu ríkisvaldi í aldaraðir. Engin pólitísk eða efnahagsleg samfylking, sérstaklega þá með fátækum bændum, var byggð upp.

Margar af hinum stjórnvaldslegu aðgerðum voru gagnrýndar og jafnframt var um það að ræða að gerðar voru tímabundnar taktískar málamiðlanir. Þrátt fyrir þetta einkenndist samnýtingin á jarðnæði af valdbeitingu og milljónir féllu.

Þessi aðferð við lausn á vandamálum í sveitum, styrkti völd flokksins og stöðvaði þróun í sveitunum sem örugglega hefði leitt til ósigurs sósíalismans fyrr en raun varð á.

En samnýtingin eins og hún var framkvæmd, krafðist ofboðslegra fórna ef litið er til afleiðinga hennar.

Verð samnýtingarinnar

Flokkurinn átti í stöðugri styrjöld við stóran hluta bændafólks, og hann náði þar af leiðandi aldrei verulegri fótfestu í sveitum.

Landbúnaðarframleiðslan hrundi gjörsamlega saman, og á það sérstaklega við um kvikfjárbúskap. Það var ekki fyrr en á sjöunda áratugnum sem aftur tókst að auka framleiðslu verulega og þá með nýrri tækni. Landbúnaðurinn var þannig veikur grundvöllur til að reisa hina gífurlegu iðnaðaruppbyggingu á. Að mínum dómi, skóp samyrkjubaráttan fyrirmyndir hvað varðar beitingu valds og stjórnvaldsaðgerða í innanflokksátökum og í **stéttabaráttu. Varð þannig** fyrirmynd við lausn á öðrum móthverfum.

Á árunum á eftir léku þessar móthverfur miklu stærra hlutverk heldur en venjulega er talið. Slíkar umbyltingar hljóta **að hafa skerpt stéttaandstæðurnar** verulega og skapað vígstöðvar sem einnig hafa haft áhrif á hverjir sigruðu og hverjir biðu ósigur í hreinsununum miklu sem síðar urðu.

Hungursneyðin 1932/33 hlýtur að hafa valdið miklum biturleika. Orsakir þeirra hörmunga var hið algjöra stjórnleysi sem ríkti í sveitunum meðan baráttan fyrir samnýtingu jarðnæðis stóð sem hæst. Þetta kom niður á sáningu, uppskeru og dreifingu. Annað atriði er, að ekkert bendir til að flokks- eða ríkisforystan hafi gert neitt til að hindra þessar hörmungar. Það er ekki auðvelt að hafna fullyrðingum um, að flokksforystan hafi látið hungursneyðina afskiptalausa til að gefa fordæmi. 3—4 milljónir dóu.

Stalín, ásamt Ordjonikidze og Kaganovitsj (tveim áhrifamestu forystumönnum í efnahagsuppbyggingunni), skoða dráttarvél frá Kharkov-dráttarvélaverksmiðjunum 1935.

Staða verkamanna

Á tímabilinu öllu jukust raunlaun verkamanna nokkuð, en það sem óx verulega var samneyslan, heilsugæsla, menntun, barnaeftirlit, atvinnutækifæri o.s.frv. Það er enginn vafi, að kjör verkalýðsins bötnuðu mjög á þessum árum.

Allt önnur spurning er hver völd stéttarinnar voru. Til að stýra hinni gífurlegu iðnaðaruppbyggingu var skapað mjög miðstýrt ákvörðunarferli, bæði í hverju einstöku fyrirtæki og í landinu í heild. Lög og reglur í atvinnulífinu voru mjög strangar. **Það mátti lítið útaf bera** svo til uppsagnar kæmi — einn dagur frá vinnu án ástæðu, og það var skráð á vinnukort viðkomandi með öllu sem því fylgdi varðandi möguleika á annarri vinnu, matarskömmtun o.s.frv. Verkalýðshreyfingin missti öll völd, og varð að halaklepra ráðuneyta. Launamismunur jókst verulega. Það voru stofnsettar sérverslanir fyrir fámennan forréttindahóp. Aftur var komið á titlaröð í hernum og embættismannakerfinu, samfara einmenningsstjórn í fyrirtækjum.

Það frumkvæði og sá dugnaður sem verkafólk sýndi og lagði á sig gekk kraftaverki næst og verkafólk var virkjað til hins ítrasta sem framleiðendur, en ekki sem ríkjandi stétt. Ég á erfitt með að sjá, að flokkurinn hafi í raun rekið pólitík sem miðaði að því, að ala verkafólk upp til að ríkja. Þeir sem slíkt uppeldi fengu voru hinir nýju tæknimenn með uppruna í verkalýðsstétt, en ekki verkamennirnir sjálfir.

Ný verkalýðsstétt

Hér væri við hæfi að segja nokkur orð um hina nýju rússnesku verkalýðsstétt. **Flestum höfundum sem ég þekki til og** fjallað hafa um það, ber saman um að í þeim hluta rússneskrar verkalýðsstéttar sem framkvæmdi byltinguna 1917 hafi fækkað mjög í borgarastyrjöldinni eftir byltinguna. Margir þeirra sem lifðu hana af og voru byltingarsinnar, voru settir í leiðandi stöður, og voru eins og þunnt málningarlag utan á hið mikla stjórnkerfi sem bolsévíkkarnir erfðu frá Zarnum.

Þar af leiðandi var þessi hópur brautryðjenda aðeins örlítill hluti sovéskrar verkalýðsstéttar á fjórða áratugnum. Á því tímabili óx verkalýðsstéttin mjög hratt. Eftir því sem ég kemst næst, hefur fjölgað í stéttinni um 15 milljónir á þessum tíma. Af þessu leiðir, að á sama tíma og réttarhöldin og hreinsanirnar fóru fram hlýtur rússnesk verkalýðsstétt að hafa verið í höfuðdráttum ný stétt. Jafnframt virðist þessi nýja verkalýðsstétt hafa verið stærsti einstaki hópurinn í flokknum á þessum tíma.

Þessir verkamenn voru þeir sem reistu hinn nýja rússneska iðnað og skópu sér framtíð. Það voru þeir sem fórnuð svo miklu. En jafnframt því komu þeir frá hinum fjandsamlegu sveitum. Þeir voru ólæsir. Þeir þekktu ekki iðnaðar-vinnuagann. Þeir höfðu takmarkaða reynslu af félagastarfsemi. Allt þetta urðu þeir að læra í ,,göngunni fram á við''. Það hefur ekki verið létt verk að stýra þessum 15 milljónum í uppbyggingu hins nýja rússneska þungaiðnaðar. Ég held að mörg vandamálanna sem upp komu í flokknum og ríkisvaldinu hafi átt rót sína að rekja til rangrar afstöðu til þessarar á margan hátt nýju stéttar, sem átti að vera ríkjandi í Sovétríkjunum.

Mér sýnist það hafa verið þannig, að hin pólitíska forysta sem verkamennirnir áttu að hafa, hafi gengið til hinna nýju ,,rauðu'' sérfræðinga. Frá því um 1930 treysti Stalín mjög á hina nýju rauðu menntamenn með bakgrunn í verkalýðsstéttinni, til að koma í stað gömlu borgaralegu menntamannanna og til að fylla allar þær stöður sem iðnvæðingunni fylgdu í efnahagslífinu og í stjórnkerfinu.

Efnahagslega vann stjórnin að lífskjarabótum fyrir báðar þessar stéttir, og samkvæmt því **sem Stalín hélt fram, var ekki** um neinar andstæður að ræða á milli þeirra. Pólitískt voru það sérfræðingarnir sem höfðu ,,heppnina'' með sér. Þeir urðu hinir nýju forystumenn. Ástæða þessa er vafalaust að leita í miklum efnahagslegum takmörkunum á pólitískri stefnu Stalíns. Að mínum dómi hafði Stalín ekki skilning á hvernig ætti að vinna með fjöldanum. Einfaldari leið — ekki óþekkt — var að treysta á sérfræðingana. Hin miklu vandamál í uppbyggingunni og stríðshættan, hafa aðeins gert það auðveldara að gefa slík röng svör við vandamálum sem upp komu.

Moskvuréttarhöldin

Sovétríkin um miðjan fjórða áratugin voru, eins og vel hefur komið fram, samfélag mjög hraðra breytinga. Milljónir fólks streymdu úr sveitum í bæi og til hinna stóru iðnvera. Hraði breytinganna var ofboðslega ör. Í sveitunum var fleiri hundruð ára gömlu samfélagi gjörbreytt á mjög skömmum tíma og streist við að lifa á nýjan hátt.

Af þessum ástæðum var í Sovétríkjunum á þessum tíma einnig mikil samfélagsleg spenna. Hægt er að ganga út frá því, að móthverfan milli flokksins og bændafjöldans hélt áfram að vera mjög skörp. Það var uppspretta óvissu og óöryggis, að næstum helmingur hersins var skipaður ,,sveitastrákum''. Í sveitum landsins var flokkurinn næstum einangraður og mjög fámennur. Einnig var um að ræða miklar móthverfur milli flokksins og þeirra hundruð þúsunda smárra fyrirtækiseigenda, sem hagnast höfðu á tímum NEP-stefnunnar, en horfðu nú á þjóðfélagslega stöðu sína gerbreytast. Það var mikill ágreiningur um hraða og aðferðir við iðnvæðinguna. Óhætt er að ganga út frá orðum Maós, að á tímum sósíalismans iði allt í móthverfum.

Á sama tíma kastaði alþjóðaástandið dimmum skugga yfir Sovétríkin. Árið 1936 var fátt uppörvandi fyrir Sovétríkin á alþjóðasviðinu.

Til marks um hina hörðu stéttarbaráttu sem geysaði í Sovétríkjunum á fjórða áratugnum voru allar hreinsanirnar í flokknum. Þegar 1930 voru hundruð þúsunda flokksfélaga reknir — aðallega að sagt var vegna lágs stigs hugmyndafræðilegrar þekkingar þeirra. Að baki fólst örugglega ágreiningur um pólitíska línu, ekki síst um afstöðuna til bænda.

Niðurstaða um hreinsanirnar

Ég held að sagnfræðingar framtíðarinnar muni finna orsakir þeirra (þ.e. hreinsananna, réttarhaldanna, fangelsananna) í baráttunni um stefnu Stalíns, bylting ofanfrá. Það voru yfirleitt flokksfélagar sem urðu fyrir barðinu á þeim — og þær bitnuðu einnig harðast á þeim. Það hefur vafalítið tengst skoðunum þeirra á 5 ára áætlununum og hvernig þeir snerust í starfi að framkvæmd þeirra. Hvaða álit þeir höfðu á samyrkjunni. Hvaða álit þeir höfðu á stefnu Stalíns gagnvart sérfræðingunum og hinum nýju forréttindahópum. Það **var stéttabaráttan í sovésku** samfélagi, sem skipti flokksfélögunum í sigraða og sigurvegara. Í þessu var utanríkisstefnan án efa einn þáttur, en aðeins einn þáttur af mörgum. Það er ekki hægt að halda því fram, að í flokknum hafi **verið hundruð þúsunda svikara 1936, en að til hafi verið einstaka** svikarar og skemmdarverkamenn er vafalaust rétt.

Moskvuréttarhöldin voru smiðshöggið á fullkominn sigur stalínísku flokksforystunnar yfir mikilvægri andstöðu innan flokksins. Þau voru lokin á uppbyggingu hinnar feiknalegu byggingar, sem stalíníski flokkurinn og stalíníska ríkisvaldið varð.

Framhald á bls. 11

Endurreisn kapítalisma í Sové

— um gömlu „biblíu“ marx-lenínista

Árið 1975 birtist greinaflokkur í bandaríska blaðinu The Guardian eftir Martin Nicolaus. Hann var eins konar úttekt á Sovétríkjunum í ljósi marxismans. Flokkurinn kom síðarmeir út á bók, en Martin Nicolaus sneri baki við marxískri hreyfingu í Bandaríkjunum. Það er önnur saga. Hitt er svo annað mál að bók Nicolausar varð ein af ,,biblíum'' marx-lenínista er þeir sögðu sovésku endurskoðunarstefnunni stríð á hendur og lýstu því yfir að Sovétríkin væru heimsvaldasinnað, ríkiskapítalískt land.

Ekki er úr vegi að birta ýmsar upplýsingar úr bókinni — upplýsingar og ályktanir sem virðast vera jafn haldbærar nú og fyrir sjö árum, eða hvað?

—agé.

Skipulagt undanhald

Nicolaus byrjar á því að rekja hvernig þjóðnýting efnahagskerfisins fór úr böndum hjá bolsévíkkum og þeim tókst ekki að fá hið nýja kerfi til að virka. Meðalið var NEP-tímabilið: Tímaskeið þar sem smá- og meðaliðnfyrirtæki störfuðu á kapítalískum grunni, erlendar fjárfestingar voru að nokkru leyfðar og kapítalískan rekstur ríkisfyrirtækja. Með öðrum orðum: Eins konar ríkiskapítalismi undir stjórn ríkisvalds verkalýðsins. Ráðstafanirnar áttu að vera til nokkurra ára til að koma efnahagnum á réttari kjöl svo takast mætti að gera hann að sameignarskipulagi. Sovétmenn töldu sjálfir að NEP-tímabilinu hafi lokið 1929, en þá á ríkisvaldið að hafa lokið þjóðnýtingu iðnaðar og verslunar að mestu. Síðar kom að landbúnaðinum, en þar á sameignarsóknin, sem var afar harðneskjuleg að mati Nicolausar (en nauðsynleg segir hann), að hafa verið í höfn 1933.

Svo kom sósíalisminn

Nicolaus varpar fram þeirri spurningu hvort Sovétríkin hafi þá getað talist sósíalísk. Með tilvitnunum í Lenín og Stalín sýnir hann fram á að þeir eigi að hafa fylgt hugmyndum Marx sem koma fram í ,,Gagnrýni á Gotha-stefnuskrána,'' en þar (og í Ríki og bylting e. Lenín) er litið á sósíalismann sem millibilsástand og þróun frá kapítalisma til kommúnisma. Á meðan getur ríkisvaldið **aðeins** verið valdatæki verkalýðs í bandalagi við alþýðu aðra. Og millibilsþjóðfélagið (sósíalisminn) ber merki gamla samfélagsins sem eru markvisst afmáð um leið og félagseign og -rekstur eykst. Um leið gerir Nocilaus grein fyrir hvað þurfi að vera fyrir hendi svo telja megi samfélag kapítalískt: Að ekki aðeins nauðsynjavörur væru á vörumarkaði, heldur líka að vöruskipti (í kjölfar arðráns á þeim er framleiða) taki yfir og stjórni framleiðsluháttum og vinnuafli. Vill Nicolaus meina að slík efnahagstengsl hafi í aðalatriðum verið úr sögunni í lok 3. áratugarins — formlega. Hafi þá tekið við tímabil þar sem reynt var að treysta sósíalískt skipulag og hefja framleiðsluaukningu og -bætur.

Nicolaus rekur ennfremur ýmis tiltæki sovésks verkalýðs og baráttugleði, svo sem kauplausu **laugardagana, „átaks**vinnuhópana'' og gagnáætlanagerð, þ.e. ákvarðanir launafólks um að uppfylla framleiðsluáætlanir hraðar en ákveðið var af ríkis- eða héraðsnefndum.

Mistök Stalíns og kommúnista

Bókarhöfundur minnir á stjórnarskrána frá 1936 þar sem borgarastéttin er sögð horfin og stéttabaráttan gerð að átökum milli alþýðunnar og erlendra aðila eða smáhópa innlendra gagnbyltingarmanna. Hann telur líka að NEP-tíminn og miklar en minnkandi leifar kapítalískra framleiðsluhátta hafi stöðugt ,,framleitt'' einstaklinga sem sækjast eftir umframhagnaði af eigin vinnu eða vinnu annarra. Þar vitnar Nicolaus ó-spart í Yao Wn-yuan, einn fjórmenninganna í Kína. Leggur Yao mikla áherslu á að menn sem ,,hugsi kapítalískt'' vegna áðurgreindra leifa kapítalismans og smáframleiðslu myndi ,,kím'' kapítalismans. Niðurstaða Nicolausar eru sú að Stalín og félagar hans hafi alls ekki haft rétta afstöðu til stéttabaráttu í Sovétríkjunum og verið næsta blindir fyrir hættunni af nýrri auðstétt.

Bæði ný og gömul?

Nicolaus telur að kapítalistar frá árunum fyrir 1920, stórbændur og háttsettir embættis**menn keisarans hafi gegnt litlu** hlutverki við myndun yfirstéttar í Sovétríkjunum. Í stað þessara bendir hann á þrjá meiði:

1. Smáframleiðsla í landbúnaði ,,framleiðir'' fólk sem kemst í álnir og vill lengra (hann sýnir að Stalín bendir á þetta seint og um síðir, 1952).
2. Tæknimenntaður forréttindahópur varð til í iðnaði.
3. Forstjórar og framkvæmdastjórar fyrirtækja fengu margfalt rýmri starfsvettvang og meiri völd eft-Stalínstímann.

Nicolaus segir forstjórana hafa verið bundna af áætlunum fram til 1953—56 og laun þeirra óháð framleiðslu. Þeir gátu ekki fækkað starfsmönnum.

Valdabarátta

Nicolaus telur að Krúsjeff hafi verið einn helsti höfuðpaur fyrrgreinds hóps sem í raun hafi þá snemma á 6. áratugnum alls ekki verið orðinn að stétt í marxískum skilningi — heldur efni í stétt. Gloppur í efnahags- og stjórnkerfinu og pólitísk mistök eða röng stefnuatriði gerðu einstaklingum kleift að taka til sín efnaleg gæði langt umfram aðra. Enn skorti þá full þjóðfélagsvöld til þess að geta stýrt samfélaginu og hagnast af því sem mest. Með þessum þankagangi útskýrir Nicolaus valdabaráttuna 1953—'56 og allar ,,hreinsanirnar'' þar sem langflestir ,,stalínistarnir'' misstu stöður sínar.

Á 20. flokksþinginu kom svo breiðsíðan gegn Stalín og samstarfsmönnum hans. Segir bókarhöfundur að þar hafi hin óorðna yfirstétt annars vegar notað eða tekið undir réttmæta gagnrýni á Stalín en hins vegar ákært hann og kerfið langt umfram allt raunsæi til þess eins að fá gott leiði til að umturna kerfinu og ná pólitískum völdum. Einnig varð að búa um öll ,,nýju'' og röngu ,,grundvallaratriðin'' sem Krúsjoff boðaði s.s. friðsamlega sambúð stétta og ríkja, friðsamlega samkeppni og friðsamlega þróun til sósíalisma. Til valdatökunnar notaði Krúsjoff Sjúkoff marskálk sem tryggði stuðning hersins og átti stærstan þátt í að koma fyrri ráðamönnum út í kuldann. Á óþægð hans síðar að hafa komið Sjúkoff sjálfum úr valdastöðum.

Endurreisn kapítalisma undirbúin

Bókarhöfundur eyðir verulegu rúmi í að rekja breytingar Krúsjeffs og kó á stjórnkerfi, flokki og hugmyndafræði, á árunum 1957—1961. Hafi þetta verið gert undir hulu þess aukna frelsis og þíðu í samskiptum manna og menningu sem oft hefur verið kennd við Krúsjeff-tímabilið. Segir Nicolaus að í raun hafi þarna farið fram breytingar í valdakerfinu sem tryggðu hinni nýju stétt óskoruð og bein völd yfir lykilþáttum þjóðfélagsins og lokuðu fyrir alla gagnrýni í framtíðinni.

Krúsjeff boðaði líka breytingar á efnahagskerfinu, sem var illa starfhæft orðið. Vísitala ,,fjárfestingaráarangurs'' (investment efficiency) féll úr 62,6 (1959) í 53,2 (1965) og framleiðni verkamanna í iðnaði féll úr 49% (mælt sem aukning 1950—1955) í 26% (1960—'65).

Samtímis hófust deilur milli áhrifahópa í fjármálalífinu. NVP-menn vildu efla áætlanagerð og auka hagkvæmni fyrirtækja en Liberman-hópurinn vildi gera hagnað að stýriafli og auka sjálfstæði fyrirtækja og framkvæmdastjórna.

Skipt um stýrimenn

Svo virðist sem Krúsjeff og kó

tríkjunum

hafi ekki tekið af skarið og fylgjendur Liberman-kenninganna drifu sig í að skipta um forystu í landsmálum. Krúsjeff var settur af snögglega og Kosygin, Brésneff o.fl. tóku við.

„Nýja" efnahagsskipanin var tekin upp þegar 1965 og **telur Nicolaus hana hafa þýtt** miðstýrðan ríkiskapitalisma. Árið 1970 fylgdu 92% iðnfyrirtækja nýju skipaninni. Hún fólst í (útdr. úr ræðu Kosygins):

1. Færri skipanir og áætlanir að ofan.
2. Aukin hagkvæmni skal fengin með viðmiðun við hagnað.
3. Stór hluti hagnaðar á að verða eftir hjá fyrirtækjunum.
4. Laun eiga að standa í sambandi við vaxandi hagnað og aukna framleiðni — stofna á sjóðakerfi til eigin nota fyrirtækis og starfsfólks.
5. Fyrirtæki hafi aukin yfirráð yfir sölu framleiðslu, yfir aukaframleiðslutækjum og lánum. Umframvinnuafl er sérstaklega talið upp sem hemill á aukna hagkvæmni í rekstri.
6. Bein samskipti hráefnaframleiðenda og vinnslufyrirtækja eru aukin.
7. Verðmyndun ráðist í auknum mæli af kostnaði við vinnu sem fólgin er í vörunni og skulu tryggja hagnað.
8. Fjárframlög ríkis til grunnfjárfestinga eru minnkuð en lánastarfsemi aukin.
9. Í stað héraðs- og sambandsráðanefnda um efnahagsmál komi ráðuneyti alríkisins og samstarfsnefndir úr hverjum framleiðslugeira.

Afleiðingarnar?

Nicolaus rekur síðan ýmsar afleiðingar „umbótanna". Þar, eins og víða annars staðar, notar hann sovéskar tilvitnanir um efnahagsmál (og tölur). Er ekki rúm til að geta heimilda hér. Hann segir 700 stórfyrirtæki hafa sagt upp 10—15% vinnufærra fram til 1973. Þá eiga gífurlegir vinnuaflsflutningar sér stað. Enda segir ritið Voprosy Ekonomiki 1973 að fjárhagsaðstoð við atvinnulausa sé **langtímaverkefni.** Meðalviðvera verkamanns við sama fyrirtæki er aðeins 3,3 ár og tugir milljóna manna eru sagðir flytjast milli vinnustaða ár hvert!

Árið 1970 koma 78,8% fjárfestinga (ekki í hernaðarskyni) úr sjóðum fyrirtækja, en framkvæmdastjóri hvers fyrirtækis er aðalráðstafandi þess fjármagns. Því er svo beint þangað sem hagnaðurinn er mestur (skv. orðum Katsjatúrofs í „Soviet Economic Reforms," 1972). Þá verða líka framleiðsluáætlanirnar til í fyrirtækjunum og eru sendar upp á við. Segir Nicolaus breytingar þar sjaldgæfar. Auk þess mega fyrirtækin fjárfesta **þriðjungi** hganaðar eftir skattgreiðslu **utan** allra áætlana. Svo virðist loks verðmyndun fara fyrst og fremst eftir tillögum fyrirtækja og framleiðslumagni.

Nicolaus vitnar í félagsfræðilega könnun sem gerð var meðal sovéskra landflóttamanna í Bandaríkjunum (Katz o.fl.) en þar segir að „milljónamæringar" í Sovétríkjunum séu (með fjölskyldum) um 13 milljónir talsins (bankainnistæður með sjö stafa tölum og fullkomið, lokað neyslu- og þjónustukerfi).

Margar verðhækkanir verða í Sovétríkjunum, t.d. hækkaði verð á kjöti um 29% árin 1960—'73 og verð á frjálsa (og að hluta svarta) markaðnum er mun hærra en á ríkismarkaðinum, 63% hærra 1973. Margar tölur um skiptingu „sjóða" fyrirtækja í árslok segja ennfremur sína sögu, t.d. þessi: Bónus 1972 er skipt (98,4 millj. rúblna) þannig að 15% starfsmanna (tæknifr. og stjórnarmenn) taka 82% en aðrir taka 18%.

Lengi mætti enn bæta þessa yfirsýn úr bók Nicolausar, en þetta látið nú nægja. Ályktanir eru lesandans.

Beirút í Afganistan

Sama dag og TASS sendi út fregnir um fordæmingar sovéskra fjölmiðla á fjöldamorðum falangista í Líbanon svifu sovéskar þyrlur yfir markaðstorginu í Paghman í Afganistan. Eftir stanslausa skothríð í 10 mínútur lágu um 200 manns í valnum — stríðshrjáðir íbúar, sem Kreml-arstjórnin og kvislingar þeirra í Kabúl kalla „hryðjuverkamenn".

Þarna voru engir fréttamenn frá vestrænum fjölmiðlum til að senda fregnir um heimsbyggðina og myndir af útblásnum, blóðugum og sundurtættum líkum. Þess vegna ypta menn öxlum hver af öðrum í okkar heimshluta og segja jafnvel lýsingar sjónarvotta vera uppspuna.

En hvað á að hleypa þjóðníðingum langt eða hver eru takmörk hræsninnar?

—s

Enn um Alþýðubandalagið

Grein mín um AB í 7. tbl. þessa árs fékk mjög hressilegar móttökur í 8. tbl. Verkalýðsblaðsins. Það er því full ástæða til að ég útskýri afstöðu mína nokkuð nánar.

Þróun gagnrýni okkar á AB

Við upphaf starfsemi okkar marx-leninista gagnrýndum við AB aðallega fyrir gagnbyltingarsinnaða pólitík og þjónkun við auðvaldið sem væri fólgin í því að beina baráttu verkalýðsins frá baráttu gegn auðvaldsþjóðfélaginu yfir í baráttu innan þess fyrir umbótum á því. Á þessum tíma skrifuðum við vart línu án þess að hún væri gegnsýrð af byltingarsinnuðum klisjum.

Síðar færðist áherslan í áróðri okkar yfir í að ásaka AB fyrir að taka of mikið tillit til hagsmuna auðvaldsins við gerð kjarasamninga og í almennri hagsmunabaráttu verkamanna. Um tíma einkenndist áróðurinn fyrst og fremst af því að AB var úthúðað fyrir að styðja ekki og berjast ekki fyrir hærri launakröfum en það gerði. Meginákæran í áróðrinum var sem sagt orðin sú að AB var ásakað fyrir að berjast ekki nægjanlega fyrir **umbótum** (sem eðli sínu samkvæmt eru umbætur á auðvaldsþjóðfélaginu en ekki barátta gegn því). Við vorum þannig fallnir niður í sömu gryfju og AB, gryfju kjarabaráttustefnu, og róttækni okkar kom fram í að vera róttækari en AB og verkalýðsforystan í kjarabaráttunni! Ég fullyrði að oft höfum við verið róttækari en þorri verkamanna í kjarabaráttunni sem er fáránlegt og alls ekki til þess fallið að vinna verkamenn til fylgis við baráttu fyrir sósíalisma. Þvert á mót væru ekki óeðlileg viðbrögð hjá verkamönnum að líta á kröfugerð okkar á hendur kapítalistum og hugsa „úr því að kommúnistar telja að það sé hægt að ná fram svona miklum kjarabótum án þess að steypa auðvaldinu af stóli þá er alveg óþarfi að berjast fyrir sósíalisma". Fólk lifir jú á þessum kjörum sem við höfum haldið fram að væru „ekki lífvænleg". Bak við laun verkamanna liggur að vísu langur vinnudagur, þrældómur og arðsköpun til handa afætuhópum þjóðfélagsins, borgurum og embættismannaliði á sama tíma og atvinnuleysisvofan svífur yfir. Aðeins sósíalisminn fær breytt þessu, útrýmt arðráni og gert vinnandi alþýðu frjálsa undan launaþrælkuninni.

Einlægni AB

Mér þykir engin ástæða til að efast um að ýmsir forystumenn Alþýðubandalagsins reyni að ná fram umbótum innan auðvaldsþjóðfélagsins og gera það manneskjulegra. Þvert á móti eru svik þeirra einmitt fólgin í þessari „einlægu" baráttu sem hylur þá staðreynd að það er auðvaldsskipulagið sjálft sem á sök á kjaraskerðingum, löngum vinnudegi og atvinnuleysi. Misjafn árangur í kjarabaráttu umbótasinna orsakast af því að eðli sínu samkvæmt geta þeir ekki krafist kjarabóta sem myndu grafa undan auðvaldsþjóðfélaginu, setja fyrirtæki á krepputímum í gjaldþrotshættu, minnka hagnað svo að ekkert auðmagn (gildisauki) væri til frekari fjárfestingar o.s.frv. Stefna AB nú er að reyna að fleyta íslenska auðvaldsþjóðfélaginu í gegnum þessa alheimskreppu sem nú ríður yfir þannig að sem fæst fyrirtæki fari á hausinn og það verði komið í veg fyrir stórfellt atvinnuleysi. Þetta er einlægt markmið forystu AB og þetta markmið styður a.m.k. stór hluti félaga flokksins. Reyna á að fleyta íslenska auðvaldsþjóðfélaginu í gegnum kreppuna þannig að það verði sem sársaukaminnst fyrir allar stéttir og hópa og mótsetningar þjóðfélagsins skerpist ekki um of.

Ég sé enga ástæðu til að krefjast þess af umbótasinnum að þeir verði betri umbótasinnar heldur krefst ég þess þvert á móti að þeir segi skilið við umbótastefnuna og taki aftur upp baráttu fyrir löngu gleymdum markmiðum sínum sem eru sósíalismi og þjóðfrelsi. Að sjálfsögðu þýðir þetta ekki að við séum á móti umbótum heldur tökum við upp **kröfur verkalýðsins** um kjarabætur (í stað þess að þröngva okkar kröfum upp á hann) og gerum að okkar. Þannig hafa kommúnistar tækifæri til að vinna fylgi og traust verkamanna með því að berjast við hlið þeirra gegn öllum kjaraskerðingaráformum auðstéttanna. En þetta er víkjandi hlið baráttunnar.

Mistök vinstri manna

Það voru alvarleg mistök að mínu mati þegar róttæk vinstri hreyfing fyrir tíu til fimmtán árum neitaði að líta á AB sem **starfsvettvang heldur gerði** margar og ósamstæðar tilraunir til að skipuleggja sig utan þess. Eins og sjá má af stefnuskrá AB, sem samin var á þessum árum, átti sósíalísk barátta þá miklu meiri hljómgrunn innan AB.

Í stað þess að skipuleggja okkur til baráttu í návígi gegn umbótastefnunni, sem var þá þegar búin að ná undirtökum í flokknum, létum við henni eftir AB til eigin afnota og gagnrýndum hana úr fjarlægð. Slíkt gerði ekki annað en að þjappa félögum í AB saman um forystuna og gerði umbótasinnum kleift að ná tökum á öllum flokknum. E.t.v. er of seint að leiðrétta þessi mistök. Samtök byltingarsinna hafa riðlast og hugmyndafræðilegur og skipulagslegur kraftur þeirra eru hverfandi þannig að þótt þeir gengju nú í AB, eru þeir illa undir baráttu fyrir byltingarsinnuðum hugmyndum búnir. Á hinn bóginn hefur þorri félaga AB annað hvort gefist upp á baráttu fyrir róttækri stefnu eða orðið samdauna umbótastefnunni.

Formlega er AB mjög lýðræðislegur flokkur þar sem stefnan er ávallt ákveðin á lýðræðislega kosnum fulltrúasamkundum en starfsdoði, „pólitísk leti og þreyta" og langvarandi þátttaka í stjórnkerfi, þar sem allar ákvarðanir eru teknar á lokuðum fundum pólitískra forystumanna, hefur leitt til þess að raunverulega eru ákvarðanir í AB teknar af mjög þröngum hópi sem er einangraður frá flokksfélögum. Þetta þarf samt ekki að vera til frambúðar og sumir af forystumönnum flokksins hafa meira að segja kvartað yfir þessu ástandi og lagt til að það verði gert stórátak til að breyta því. Slík breyting til að virkja félagana á ný í flokksstarfinu verður hugsanlega fólgin í því að hvatt verður til myndunar skoðanahópa innan flokksins til að hleypa lífi í pólitískar umræður innan hans.

Lýðræðisleg og lifandi umræða og ákvarðanatekt innan AB gæfi að mínu mati róttæklingum fulla möguleika á því að reyna að snúa öfugþróun AB við og knýja fram afdráttarlausa andstöðu við íslenska auðvaldsskipulagið jafnframt því sem flokkurinn markaði sér stefnu sem væri algjörlega andstæð andlýðræðislegri og andsósíalískri stefnu og stjórnkerfi austantjaldslandanna.

rb

Endurmetum reynsluna af Sovétríkjunum

Mikilvæg ástæða fyrir tilveru ýmissa róttækra vinstri samtaka víðsvegar um heiminn, hvort sem um er að ræða marx-leníníska, trotskista, nývinstrisinna eða aðra, er höfnun á þjóðfélagsgerð Sovétríkjanna.

Á síðasta áratug bættist svo meginstraumur evrópskra kommúnista í þennan hóp undir merkjum Evrópukommúnismans. Slíkt var mjög jákvætt því að þar með voru áhrif hinna sovésku afturhaldsafla í Evrópu orðin hverfandi.

En þar sem róttækasti hluti vinstri hreyfingarinnar hafði þá þegar yfirgefið meginstraum kommúnískrar hreyfingar í Evrópu átti sér stað hægri sveifla innan hennar samtímis uppgjörinu við Sovétríkin. Það er skoðun mín að hefðu róttæku öflin ekki verið búin að einangra sig frá stærsta hluta kommúnísku hreyfingarinnar þá hefði verið mögulegt í mörgum tilvikum að koma í veg fyrir eða draga úr áhrifum þessarar hægri sveiflu.

Ofurróttækni og hugmyndafræilegur glundroði menningarbyltingarinnar í Kína, sem var dulbúinn með ,,harðlínu'' staðhæfingum, gaf blekkjandi og beinlínis ranga mynd af pólitískum veruleika jafnt í Kína, Sovétríkjunum sem öðrum löndum. Starf og stefna ýmissa hópa róttæklinga í Evrópu var undir sterkum áhrifum frá Kína á þessum tíma og áróður forystuafla menningarbyltingarinnar var endurtekinn athugasemdalaust af maóistum af ýmsum gerðum í Evrópu. Nývinstri hreyfingin og jafnvel í minna mæli trotskistar fóru ekki varhluta af áhrifum menningarbyltingarinnar. Hugmyndafræði hennar varð réttlæting fyrir einangrunarstefnu. Heimurinn var einfaldur, annaðhvort voru fyrirbæri kapítalísk og gagnbyltingarsinnuð eða sósíalísk og byltingarsinnuð. Fyrirbærin voru ekki skoðuð í heild sinni heldur var þeim gefinn stimpill og síðan leitað með aðferð úrtínslu og frumspeki eftir einkennum sem gætu réttlætt stimpilinn. Afstaða maóista til Sovétríkjanna var gott dæmi um þetta.

Huglæg skilgreining á Sovétríkjunum

Róttæk vinstrihreyfing í lok sjöunda áratugsins og byrjun þess áttunda var haldin andstyggð á fölsku lýðræðis- og frelsishjali Sovétríkjanna ekki síður en Bandaríkjanna. Einn af mörgum mælikvörðum sem notaður var á það hvaða samtök væru róttækust var hversu langt þau gengju í að ,,afhjúpa'' Sovétríkin sem afturhaldsríki. Engan þarf að undra að margir marx-lenínistar gripu fegins hendi á lofti einhliða útskúfunaráróðri Kína gegn Sovétríkjunum þar sem þeim var lýst sem ,,fasisma af Hitlersgerð'', ,,sósíalheimsvaldastefnu, sósíalisma í orði en heimsvaldastefnu í borði'' og sem ,,borgaralegu þjóðskipulagi þar sem afturhaldssamasti hluti einokunarborgarastéttarinnar hafði tekið völdin.'' Litlu máli skipti þótt þessi áróður Kínverja væri illa undirbyggður og rök þeirra fyrir því að kapítalisma hefði verið komið á í Sovétríkjunum með gagnbyltingu ofanfrá um 1956 væru harla veik.

Sé áróður Kínverja, sem endurspeglaðist í blöðum og tímaritum maóista, á þessum tíma athugaður kemur í ljós að hann er sambland fullyrðinga og sleggjudóma um Sovétríkin, sem voru slitnar úr samhengi við þjóðfélags- og efnahagskerfið í heild og fullyrt að væru dæmi um kapítalisma án þess að það væri nægjanlega rökstutt. Það var aðeins gagnrýni Kínverja á utanríkisstefnu Sovétríkjanna og útþenslu- og drottnunarstefnu þeirra sem var sæmilega á rökum reist enda hefur sú gagnrýni ein staðið að mestu óhögguð.

Gagnrýnin beindist aðallega að niðurlagningu dráttarvélastöðva, rétti sovéskra bænda til að yrkja takmarkaðan landskika persónulega og umræðum í sovéskum fjölmiðlum um að mikilvægt væri að einstök **fyrirtæki sýndu hagkvæman** rekstur. Miklu minna bar á gagnrýni á vöruskort, ósamræmi á verðlagi og raunverði á vörum, söun á hráefnum, orku og vinnuafli, þunglamalegu og seinvinnu skrifstofubákni sem tekur gjarnan þjóðhagslega óhagkvæmar ákvarðanir o.s.frv. En hið síðarnefnda er einmitt meðal þeirra séreinkenna sem eru einkennandi á sovésku efnahagslífi. Þegar maóistar á Vesturlöndum reyndu sumir hverjir að finna kenningum sínum stoð byrjuðu þeir ,,rannsóknarstarf'' sitt með því hugarfari að það skyldi réttlæta hugmyndir sem þeir voru fyrirfram sannfærðir um að væru réttar.

Veikburða tilraunir sovéska skrifræðisins til að brjótast út úr viðjum óhagkvæms framleiðslukerfis og læra af þróttmikilli stjórn fyrirtækja í auðvaldsheiminum þar sem frumkvæði fyrirtækja og einstaklinga innan þeirra er nýtt út í ystu æsar, voru túlkaðar sem örfá af ótal dæmum um kapítalískar framleiðsluafstæður í Sovétríkjunum. Raunverulega voru þessar tilraunir samt takmarkaðar og hagnaður af rekstri ríkisfyrirtækja rennur eftir sem áður beint í sjóði ríkisins og fyrirtækjum er miklu frekar umbunað fyrir að standa við framleiðsluáætlanir en fyrir að sýna hagnað.

Mörg fleiri áþekk dæmi um frumspekilegar rannsóknir og andvísindalega afstöðu til sovésks raunveruleika er að finna hjá marx-lenínistum. Í stað þess að rannsaka sovéska þjóðfélagið sem heilsteypt ferli með aðferðum díalektískrar efnishyggju gengum við maóistar hvað eftir annað út frá fyrirframgerðum hugmyndum og litum fram hjá þeim atriðum í sovésku efnahags- og stjórnkerfi sem ekki féllu að þeim. Þannig brutum við grundvallarreglu marx-lenínismans-kenninga Mao Zedong um tengsl fræðikenningar og starfs, þar sem lögð er áhersla á að fræðikenningin sé ekki aðeins sprottin upp úr þjóðfélagslegu starfi heldur verði stöðugt að breyta henni og þróa þegar henni er beitt sem leiðsögn að starfi og niðurstöður þess starfs koma í ljós. Þannig höfum við gert okkur sek um bæði frumspeki og hughyggju.

Endurmetum reynsluna af Sovétríkjunum

Sovétríkin eru það ríki sem fyrst braust undan viðjum heimsvaldastefnu og kapítalískrar kúgunar. En þær hugsjónir, sem barist var fyrir við byltinguna 1917 hafa ekki orðið að veruleika. Það er mikilvægt að svara þeirri spurningu hvers vegna svo fór. Að hve miklu leyti er hlutlægum kringumstæðum um að kenna og að hve miklu leyti svikum forystunnar og rangrar stefnu byltingarflokksins?

Ýmis gagnrýni vinstrisinna á Sovétríkjunum er án efa á rökum reist. Ríkisvaldið er tvímælalaust einangrað frá alþýðunni og því er stjórnað af fámennum hópi skrifræðisaðals sem lifir sem afæta á vinnu almennings. En er þetta þar með kapítalískt þjóðfélag? Hver eru þau efnahagslögmál sem verka á sovéskt hagkerfi og leiða til stöðugrar vanframleiðslukreppu samtímis því sem söun offramleiðsla á einstaka vörutegundum á sér stað án þess að viðkomandi fyrirtæki fari á hausinn? Hvaða lögmál ákvarða fjármagnsstreymi, fjárfestingar og breytingar á hlutföllum milli hinna ýmsu þátta hagkerfisins? Hver eru tengslin milli einstakra fyrirtækja, frjáls og óheft samkeppni, einokunarsamstarf sem stefnir að hámarksgróða eða er tengslunum öðru vísi varið? Eru þessi lögmál sömu lögmálin og verka á hagkerfi auðvaldsríkjanna eða afbrigði af þeim eða er um að ræða grundvallarmun á þeim? Ef þessi lögmál eru ekki hin sömu og verka í kapítalísku hagkerfi en samt ekki það sem við höfum haldið fram að væru ,,sósíalísk efnahagslögmál'' hvað eru þau þá? Hvernig stendur á því að eftir að ríkið hafði afnumið séreign á helstu framleiðslutækjum var sjálfstæðu hlutverki þess ekki lokið? Við verðum að svara þessum spurningum og fleiri ef við viljum halda áfram sósíalískri baráttu þrátt fyrir þau mistök **sem kommúnistum urðu á í** Sovétríkjunum.

Í næsta tbl. VB mun ég skrifa framhaldsgrein þar sem nokkrum hugmyndum verður varpað fram um það hvers konar efnahags- og þjóðfélagskerfi er ríkjandi í Sovétríkjunum og hvaða lögmál einkenna það.

rb

Þarf meira til?

Til umhugsunar fyrir okkur öll, og þá sérstaklega alla þá sem börðust fyrir frelsun Víetnam, fyrir stuðningi við alþýðu El Salvador og sem fordæma réttilega aðförina að Palestínuþjóðinni:

Í Pakistan eru nú, skv. opinberum tölum, 2,8 milljónir landflótta Afgana, meirihlutinn eru konur og börn. Pakistönsk yfirvöld greiða, skv. upplýsingum S.Þ., um 240 milljónir dollara á þessu ári til að greiða eitthvað úr brýnum þörfum flóttamannanna.

Mánaðarlega koma að meðaltali 50.000(!) nýir flóttamenn til Pakistan. Ábyrgð Sovétmanna er þung.

Er ekki kominn tími til að þeir sem tala vilja máli kúgaðra, taki til við að styðja Afgani?

—agé.

PÓSTSENDUM SAMDÆGURS

STUÐ
Laugavegi 20 Sími 27670

STUÐ er fyrir þá sem vilja fylgjast með því helsta sem er að gerast á sviði framsækinnar rokktónlistar.

Í STUÐi má finna plötur með:

- ☐ Art Bears
- ☐ Dead Kennedys
- ☐ KEW RHONE (Henry Cow gengið, Carla Blay o.fl. í léttari sveiflu).
- ☐ Clash
- ☐ Dicharge (arftakar Crass)
- ☐ Robert Wyatt
- ☐ Posion girls
- ☐ Pressure Company
- ☐ Ben Watt (ásamt Robert Wyatt)
- ☐ JAM (vinsælasta nýbylgjugrúppa Breta.)
- ☐ Jimmy Cliff
- ☐ Nick Mason (ásamt Robert Wyatt o.fl.)
- ☐ WORK (baneitrað pönk!)
- ☐ Black Uhuru

Þá er sjálfsagt að minna á:

- ☐ LAST-vökvann, sem gerir plötuna betri en nýja
- ☐ Sennheiser heyrnartólin (sem Hi-Fi- tímaritið útnefndi bestu heyrnartólin)
- ☐ boli
- ☐ ódýru brjóstnælurnar

Breyttur opnunartími

Skrifstofa Verkalýðsblaðsins **verður opin f.o.m. 1. nóvember kl. 5—7 á fimmtudögum. Sími 29212.**

Hvað tefur þig bróðir?

Nú eru 4 mánuðir liðnir síðan hljómplata Heimavarnarliðsins og Sigurðar Rúnars, varnarliðsforingja, kom á markað. Það hefur verið allt of hljótt um þetta nýja vopn Heimavarnarliðsins. Ég dreg ekki í efa, að varnarmáttur þess er mikill, sé því beitt. Það þyrfti að vera til á hverju heimili, ekki síður en venjuleg heimilis-loftvarnarbyssa og innanhússgasgríma. Þetta er áskorun til þeirra, sem enn hafa ekki orðið sér úti um plötuna!

Lagaval og útsetningar er hvorttveggja afar fjölbreytt og boðskapurinn betri en almennt gerist hjá SHA. Ég fæ enn gæsahúð, þegar ég hlusta á þá mögnuðu hljómkviðu: Segulstöðvarblús. Álvers-óður Elíasar Davíðssonar er alveg sér á parti, að öðrum lögum ólöstuðum.

Þorvaldur Örn

Brandarar segja sitt

Í A-Evrópu er algengt að háðið sé notað til að berja á sovéska birninum. Hér eru þrjú dæmi:

●

INTOURIST (sovéska ríkisferðaskrifstofan) reyndi þessa auglýsingu — en aðeins í stuttan tíma:
„Komið og heimsækið Sovétríkin áður en þau heimsækja ykkur."

●

„Assgotinn, þessi kjötskortur kemur í veg fyrir að maður geti skammað aðra."
„Nú, hvernig þá?"
„Jú, sjáðu til, ég æpti djöfuls svín að lögregluþjóni á Frelsistorginu. Áður en ég gat lokið mér af hafði löng biðröð myndast fyrir aftan mig."

●

Af hverju er ekki til meira af einkabílum í Sovétríkjunum? — Það þarf ekki fleiri. Líði manni illa ekur maður í sjúkrabíl, líði manni vel ekur maður í lögreglubíl, tali maður of mikið er mannið trillað í sjúkrarúmi með reimum og ætli maður út fyrir landamærin ekur maður í skriðdreka.

Stalíns-Sovét...

Framhald af bls. 7

Helstu einkenni kerfisins

Pólitíska kerfið sem réð í Sovétríkjunum eftir að hreinsanirnar voru afstaðnar, hafði eftirfarandi þýðingarmikil einkenni:

1. Það hafði fullkomna **á efnahagslífinu og miðaði** nær algjörlega að efnahagsvexti og hernaðarvörnum.
2. Kerfið vann aðallega til hagsbóta fyrir eina stétt — verkalýðsstéttina, og einn þjóðfélagshóp — hina nýju tækni- og menntamanna.
3. Það einkenndist af ofurmiðstýrðu ákvörðunarferli, þar sem t.d. Stalín var mun mikilvægari miðja en miðstjórn flokksins.
4. Það einkenndist af öfgakenndri valdaröð á öllum stigum, með miklum forréttindum og miklum vaxandi launamun.
5. Kerfið starfaði alla tíð með aðstoð víðtækrar valdbeitingar þrátt fyrir að það nyti víðtæks stuðnings meðal hinna nýju stétta og stéttarhópa. Sem dæmi var það hlutverk lögreglu að fylgjast með flokkssamþykktum og umræðu.

Frjálst útvarp

Við kommúnistar leggjum mikla áherslu á baráttu fyrir raunverulegu og auknu málfrelsi alþýðunnar. Við höfum margoft bent á að málfrelsi, sem byggir á stuðningi stórauðmagns við fjölmiðla, sem markvisst móta skoðanamyndun, er ekki raunverulegt alþýðumálfrelsi heldur frelsi auðmagnsins til áróðurs.

Til að sporna við áróðursmætti auðvaldsins höfum við af veikum mætti haldið uppi blaðaútgáfu í meira en tíu ár. Að sjálfsögðu getur Verkalýðsblaðið ekki keppt við fjársterka fjölmiðla fyrir alvöru þar sem það byggir aðeins á áskriftum og stuðningi einstaklinga sem flestir eru nú þegar nokkuð rótar opnaðist möguleiki fyrir ýmsa minnihlutahópa í þjóðfélaginu til að koma skoðunum sínum á framfæri til miklu stærri hóps en hingað til hefur verið mögulegt.

Til að koma í veg fyrir að frjálst útvarp verði til að styrkja áróðursaðstöðu stórauðmagnsins á Íslandi enn frekar ætti að banna þessum útvarpsstöðvum að taka við fjárframlögum frá atvinnufyrirtækjum eða hafa auglýsingar. Þó væri hugsanlegt að veita staðbundnum útvarpsstöðvum, sem reknar yrðu af viðkomandi bæjar- og sveitarfélögum í samráði við ríkisútvarpið, leyfi til auglýsinga.

rb

Ríkir betlarar, perur og plastherðartré

Íslam („Múhammeðstrú" er — þvert á áróðursmynd vestrænna fjölmiðla — einkar miskunnsöm og siðfáguð trúarbrögð. Í löndum Íslams þykir því sjálfsagt og raunar skylt að láta af hendi rakna skilding til bágstaddra. Af þessum sökum blómgaðist á stjórnarárum keisarans Reza Pahlevi stétt betlara og beiningamanna í Teheranborg.

Haft er fyrir satt, að betlarar í Teheran hafi á þessum árum haft með sér sterkt stéttarfélag og hafði hver félagi haft einkarétt á ákveðnu götuhorni sem gjarnan gekk í erfðir mann fram af manni. Þeir betlarar sem höfðu til umráða hagstæðustu hornin miðlægt í borginni gerðust sumir alltekjuháir og segir sagan að þeir hafi á morgni hverjum mætt til starfa í amerískum lúxusbílum í sérhönnuðum tötrum.

Hér á Íslandi eru til áþekk, rík betlifélög. Heita þau ýmsum framandlegum nöfnum, svo sem Lions, Rotary, Kiwanis, Junior Chamber o.fl. Félagarnir eru flestir stöndugir góðborgarar af **karlkyni, gott ef þetta þrennt er** ekki skilyrði fyrir inngöngu. Það er ærið sérkennilegt fyrir okkur hin sem minna eigum „undir okkur" að verða fyrir því að valinkunnir kaupsýslumenn eða velþekktir útgerðarmenn, sem gefa upp saumakvennalaun til skatts, banki uppá, bjóðandi til sölu ljósaperur eða plastherðatré til styrktar fötluðum og lömuðum.

Ef við gaumgæfum það sem nefnt er „líknarmál" kemur margt í ljós. Það fyrsta sem stingur í augum er sjálft umfang þessa „málaflokks". Allt að því heilu sjúkrahúsin eru reist fyrir söfnunarfé frá áðurnefndum karlaklúbbum. Perum, rauðum fjöðrum, allskyns merkjum og happdrættismiðum er prangað inn á fólk. Menn bakka kringum landið og þramma afturábak suður í Hafnarfjörð með pípuhatt á höfðinu til styrktar sínum minnstu bræðrum og systrum. Blindrafélagið á t.d. ekki annarra kosta völ en að byggja alla starfsemi sína á happdrættisrekstri. Hefur það gefið sérlega góða raun að blindir selji happdrættismiða á skemmtistöðum borgarinnar!

Sannleikurinn í þessu máli er sá, að heilbrigðismál og félagsmál hér á landi eru í hryggilegu ástandi. Hið opinbera skortir allt í senn fjárhagslegt bolmagn, skilning og vilja til þess að sinna skyldum sínum skammlaust. Afleiðingarnar **eru þær sem lýst hefur verið** hér að framan, fatlaðir þurfa meira eða minna opið að stunda betl og neyðast til að þiggja ölmusu frá sjálfumglöðum snobbfélögum. Allar rannsóknir er gerðar hafa verið á kjörum minnihlutahópa á borð við fatlaða, aldraða, einstæðar mæður eða leigjendur sýna fram á ótrúlega slæm lífskjör og aðbúnað þessa fólks. Það eina sem kemur í veg fyrir fullkomið neyðarástand er hið óbeina tryggingakerfi Íslendinga, sem felst í sterkum ættarböndum og persónulegri samhjálp.

Í nágrannalöndum okkar **telja samtök fatlaðra allar ölmusugjafir hreint og beint** móðgandi. Í Svíþjóð gerðist það t.d. að sjálfur kóngurinn Karl hinn 16ándi Gústaf átti að afhenda samtökum fatlaðra söfnunarfé við hátíðlega athöfn. Landssamband fatlaðra afþakkaði gjöfina og benti með nokkrum velvöldum orðum á að fatlaðir teldu það skyldu samfélagsins að þeim væru búin sömu lífsskilyrði og öðrum þegnum og frábað sér allar lítillækkandi ölmusugjafir.

Því miður bendir ástand félagsmála hérlendis til þess að einhvers konar frjálshyggjudraugur gangi hér ljósum logum. Samkvæmt kokkabókum Hannesar Hólmsteins og gúrú hans, von Hayeks, á hið opinbera ekki að skipta sér af velferðarmálum, heldur skal „einstaklingnum" í sjálfsvald sett hvort hann hjálpar fátækum. Hinn siðferðisgóði einstaklingur gerir þetta samkvæmt kenningunni gjarnan, einkum styður hann þann hluta þeirra fátæku sem sýna af sér þakklátt hugarfar og eru yfirvöldunum hlýðnir. Í anda þessa var það þegar velstæðar húsmæður í vesturbænum í Santíagó settu upp hjálparstöð fyrir fátæk börn sem þjáðust af hungri eftir að mjólkurgjafir Allende-stjórnarinnar höfðu verið stöðvaðar með sameiginlegu átaki Pinochets og CIA.

Ekki verður annað séð en að við Íslendingar ættum að geta komið félagsmálum í sama horf og hin Norðurlöndin. Gleymum því ekki að við, öfugt við nágranna okkar, höfum ekki nein útgjöld til hermála. Sá sem þetta ritar er einnig þeirrar skoðunar að vel megi hækka nokkuð hið almenna skattahlutfall hérlendis og auka þar með svonefnda samneyslu á kostnað einkaneyslunnar. Auknir beinir skattar koma léttar við láglaunafólk en miðog hátekjufólk og þeir verst settu fá mest til baka í bættri félagsþjónustu og auknu félagslegu framtaki. Jafnframt má lækka óbeina skatta, sem koma lang-verst við hina tekjulægstu. Ég get raunar ekki séð annað, en að einmitt slík lækkun óbeinna skatta (tolla, söluskatts o.þ.h.) sé **besta og raunhæfasta aðferðin til þess að bæta til frambúðar kjör hinna** lægstlaunuðu, nokkuð sem stjórnmálamenn allra flokka hafa gasprað um áratugum saman án þess að nokkurn tíma hafi sést hinn minnsti árangur.

—j.

Lausasala 4 síður: Kr. 10
Lausasala 8 síður: Kr. 15
Lausasala 12 síður: Kr. 20
Áskrift: Kr. 150
Stuðningsáskrift: Kr. 200
Áskrift til útlanda: Kr. 200
Giró: 12200-9

Bókasafn Kennarafélags
v/ Lækjargötu
101 Reykjavík

Verkalýðsblaðið

9.—10. tbl. 11. árg. 19. nóvember 1982

NÁMSKEIÐ Í MARXÍSKRI SÖGUTÚLKUN

verður haldið í vetur á vegum Kommúnistasamtakanna og undirritaðra, ef næg þátttaka fæst.

Lesefni: Leo Huberman: Jarðneskar eigur.
Mál og Menning 1976
Marx/Engels: Kommúnistaávarpið.
Kennsluhættir: Stuttir fyrirlestrar, umræður og verkefni.
Þátttökugjald: Kr. 50,—

Námskeiðið hefst líklega í janúar en e.t.v. verða 1—2 undirbúningsfundir fyrir jól.

Nánari upplýsingar og þátttökutilkynningar á Frakkastíg 14 milli kl. 5 og 7 á fimmtudögum. Einnig á sama tíma í síma 29212. Þátttökuóskir má líka senda í pósti merktar: Námskeið í marxískri sögutúlkun, Box 5186, 125 Reykjavík.

Leiðbeinendur eru undirritaðir:

Ingólfur Á Jóhannesson
Þorvaldur Örn Árnason.

GEFIÐ FÉ

ÞJÓÐARÁTAK GEGN KRABBAMEINI

Rukkunarhornið

Nýr símatími

Ætlunin er að í vetur verði opið hér á Frakkastíg 14 kl. 5—7 á fimmtudögum. Þá er hægt að ná til okkar í síma (91)-29212. Tilkynnið breytt heimilisföng eða pantið nýjar áskriftir á þeim tíma. Einnig er hægt að senda slíkar tilkynningar á spjöldum sem pósturinn leggur til ókeypis.

Kynningaráskrift

Tilraunaáskriftir sem hafa verið í gangi í sumar eru nú flestar runnar út og er verið að senda bréf og gíróseðla til ykkar, góðir hálsar, sem við biðjum ykkur að borga en endursenda ef þið viljið ekki áskriftina.

Rukkun gjalda '82

er nú að mestu lokið í Reykjavík og Kópavogi. Þeir örfáu sem ekki náðist í hafa nú flestir fengið senda gíróseðla sem við biðjum ykkur að borga í næsta banka, sparisjóði eða á pósthúsi. Áskrifendur úti á landi eru að fá póstkröfur nú um þetta leyti.

Bestu kveðjur,
rukkunarstjóri

Hvað skilur að Kommúnistasamtökin og Baráttusamtökin fyrir stofnun Kommúnistaflokks?

Umræðufundur í kaffiteríu Hótel Heklu fimmtudaginn 25. nóvember kl. 20.30.

*** Framsögur**
*** Almennar umræður**
*** Kaffi**

KS/BSK

Um þetta tölublað

Þetta þriðja síðasta tölublað VB á árinu er helgað einu efni (tema) en það er Sovétríkin og þjóðskipulag og efnahagskerfi þess.

Lesendur mega ekki líta svo á að þar með líti Kommúnistasamtökin ekki lengur á Bandaríkin sem hættulegt risaveldi. Hitt er svo annað mál að samtökin hafa í sumar eytt nokkrum tíma í að ræða þróun Sovétríkjanna, afstöðu okkar til þeirra og almennt um sósíalismann. Tölublaðið er að nokkru afrakstur umræðunnar, auk þess sem Hjalta Kristgeirssyni var boðið að rita grein í blaðið. Hann hefur yfirgripsmikla þekkingu á Sovétríkjunum og A-Evrópu og hljóta skoðanir hans og aðrar skyldar að vera mikilvægur þáttur í umræðu um sósíalismann meðal vinstri manna.

Ritnefnd